

Skólastarf í Hvalfjarðarsveit

Fagleg úttekt

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir

Rannveig Oddsdóttir

Sólveig Zophoníasdóttir

Maí 2015

Efnisyfirlit

Skólustarf í Hvalfjarðarsveit.....	1
Styrkleikar og tækifæri	2
Styrkleikar	2
Tækifæri	2
Inngangur	3
Markmið, framkvæmd og gagnaöflun.....	3
Markmið.....	3
Framkvæmd og gagnaöflun	3
Fræðileg umgjörð	5
Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	7
Niðurstöður og umræður	7
Skólustefna og skólanámskrá	7
Stjórnun, fagleg forysta, stefnumótun og mannauður	10
Skólabragur, viðhorf og líðan	12
Nám og kennsla, árangur	14
Faglegt samstarf og innra mat	21
Samskipti heimila og skóla	24
Meginniðurstöður	24
Heimildaskrá.....	26
Fylgiskjal 1	28
Fylgiskjal 2	29
Fylgiskjal 3	31
Fylgiskjal 4	32
Fylgiskjal 5	35

Styrkleikar og tækifæri

Styrkleikar

- Skólustefnan og drög að skólanámskrá er vel kynnt
- Sátt ríkir um áherslur/gildi skólans
- Skipurit skýrt
- Gott aðgengi að stoðþjónustu utan skólans
- Jákvæður skólabragur
- Gott og lausnamiðað starfsfólk
- Fjölbreytt og hvetjandi námsumhverfi
- Sveigjanlegir og fjölbreyttir kennsluhættir
- Námsaðlögun
- Starfsfólk er tilbúið til að leggja mikið á sig og láta hlutina ganga
- Starfsfólk almennt ánæggt með starfsþróun/endurmenntun
- Foreldrar almennt ánægðir með samstarf heimilis og skóla
- Skólinn er vel búinn spjaldtölvum
- Skólinn er Grænfánaskóli og rík áhersla á umhverfismennt
- Áhersla á að nýta snjalltæki til náms og kennslu

Tækifæri

- Byggja upp öflugra lærdómssamfélag
- Festa gildi skólans betur í sessi
- Skýra þarf hlutverk skólustjóra m.t.t. leik- og grunnskólasviðs
- Hafa annað starfsfólk en kennara meira með í ráðum og skýra boðleiðir
- Tryggja stöðugleika í verkefnastjórnastöðum
- Vinna markvisst að heildarmynd um skólustarfið
- Tryggja eftirfylgd varðandi skipulag og ákvarðanir
- Endurskoða starfshætti og utanumhald á unglíngastigi og móta umbótaáætlun
- Samræma betur starfshætti á mismunandi stigum
- Fækka einyrkjum og auka teymisvinnu
- Bæta húsnæði leikskólasviðs
- Fjölga fagfólki á leikskólasviði
- Efla faglegt samstarf leik- og grunnskólasviðs
- Bæta þarf upplýsingaflæði á unglíngastigi til foreldra
- Skipuleggja hvernig upplýsingum er miðlað til foreldra
- Meta árangur þróunarverkefna
- Ganga frá skólanámskrá

Inngangur

Í byrjun árs 2015 fór sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þess á leit við miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) að gerð yrði fagleg úttekt á skólastarfi í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Óskað var eftir að varpað yrði ljósi á styrkleika skólastarfsins og tækifæri til að auka gæði og árangur þess t.d. með því að þróa ytra og innra skipulag, hugarfar og starfshætti. Í byrjun febrúar 2015 var hafist handa við undirbúning og framkvæmd úttektarinnar. Í skýrslunni er lýst markmiðum úttektarinnar, framkvæmd og gagnaöflun og gerð grein fyrir fræðilegri umgjörð og niðurstöðum.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hafði umsjón með úttektinni og að henni komu fyrir hönd MSHA Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Sólveig Zophoníasdóttir.

Markmið, framkvæmd og gagnaöflun

Markmið

Úttektin er faglegs eðlis og markmið hennar að varpa ljósi á stöðu skólastarfs í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar styrkleika þess og tækifæri til umbóta með það að markmiði að finna leiðir til að efla það enn frekar og auka gæði þannig að skólastarfið þjóni sem best íbúum í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi markmið voru höfð að leiðarljósi við úttektina:

- Varpa ljósi á faglega stöðu skólans
 - Styrkleika og tækifæri til að efla og auka gæði
- Hvetja skólasamfélagið (annað starfsfólk en kennara, foreldra, kennara, nemendur og stjórnendur) til að ígrunda skólastarfið og þróun þess
- Leita leiða til að nýta faglegan auð skólans á skapandi, árangursríkan og skynsaman hátt
- Leita tækifæra í skólanum til að ná meiri árangri og vinna markvissar og betur saman
- Hlusta á og vinna úr sjónarmiðum hópa skólasamfélagsins í því skyni að efla faglegt skólastarf
- Setja fram hugmyndir að leiðum til að efla faglegt skólastarf

Framkvæmd og gagnaöflun

Í samráði við sveitarstjórn var áætlun um úttektarferlið skipulagt og tengiliður á vegum sveitarfélagsins við úttektaraðila tilnefndur. Hlutverk tengiliðs var að skipuleggja vettvangsheimsókn úttektaraðila, fá þátttakendur úr öllum hópum skólasamfélagsins í rýnihópa, búa til tímaáætlun fyrir rýnihópaviðtöl og tryggja aðstöðu fyrir þau (sjá fylgiskjal 1). Gagnaöflun fólst annars vegar í söfnun og greiningu ýmissa gagna um skólastarfið. Rýnt var í menntastefnu sveitarfélagsins, drög að skólanámskrá, starfsáætlanir, skipurit og starfslýsingar, innra og ytra mat, niðurstöður samræmdra prófa og Skólalúlsins. Hins vegar fólst gagnasöfnun í vettvangsathugunum og viðtölum við hagsmunaaðila í skólasamfélaginu.

Tekið var viðtal við stjórnendur og rýnihópaviðtöl tekin við kennara, nemendur, annað starfsfólk en kennara og foreldra. Frá tengilið og skóla fengust eftirfarandi gögn:

- Skólastefna
- Drög að skólanámskrá og starfsáætlanir
- Upplýsingar um fyrirkomulag stuðnings- og sérkennslu
- Starfslýsingar
- Sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um innra mat
- Upplýsingar um stoðþjónustu
- Greinargerð um umbótaáætlun
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Skólupúlsinn og viðhorfskannanir meðal foreldra og starfsfólks
- Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2013–2014
- Önnur gögn sem skólinn vildi leggja fram

Vettvangsheimsóknin fór fram 18. mars 2015. Í henni var farið í skoðunarferð um Heiðarskóla og Skýjaborg, tekið 40 mínútna viðtal við stjórnendateymið; skólastjórnann, sviðstjóra Heiðarskóla og sviðstjóra Skýjaborgar, tekin fjögur rýnihópaviðtöl, 20–40 mínútur hvert, við nemendur, kennara, annað starfsfólk en kennara og foreldra. Að mati úttektaraðila komu raddir frá leikskólasviðinu ekki nægilega vel fram í vettvangsheimsókninni. Til að bæta úr því var tveimur rýnihópsviðtölum bætt við og tekin viðtöl við starfsfólk leikskólasviðs 30. mars og við foreldra leikskólabarna 8. apríl. Þessi viðtöl fóru fram á Skype. Rýnihópaviðtöl er eigindleg rannsóknaraðferð sem notuð er til að öðlast skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps gagnvart ákveðnu viðfangsefni. Markmiðið getur verið að sækjast eftir sameiginlegu áliti hóps eða samþykki en ekki síður að skoða mismunandi viðhorf og reynslu (Sóley S. Bender, 2013). Í rýnihópaviðtölunum voru hóparnir fjölmennari og tíminn knappari en ráð var fyrir gert í úttektaráætluninni. Fólki var boðið að senda upplýsingar eftir viðtölin og nokkrir nýttu sér það. Alls tóku um 40 manns þátt í viðtölum. Í viðtölunum var gengið út frá eftirfarandi þemum:

- Skólastefna
- Stjórnun, fagleg forysta, stefnumótun og mannauður
- Skólabragur, viðhorf og líðan
- Nám og kennsla, árangur
- Fagmennska og samstarf
- Samskipti heimila og skóla

Sem dæmi um spurningar í viðtölum má nefna að viðmælendur voru spurðir hvernig þeir myndu lýsa skólabrag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í framhaldi af því voru þeir beðnir um að lýsa honum og gefa dæmi. Einnig voru viðmælendur beðnir um að lýsa hvernig samstarfi leik- og grunnskólasviðs er háttað (sjá fylgiskjal 2). Í úttektarferlinu var gert ráð fyrir heimsóknum úttektaraðila í kennsluaðstæður en ekki var gefinn kostur á því inni í dagskrá vettvangsheimsóknarinnar (sjá fylgiskja 3).

Í vettvangsheimsókninni var einnig haldinn kynningarfundur með starfsfólki grunnskólasviðs og sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar. Á fundinum sem fram fór í Heiðarskóla var farið yfir markmið úttektarinnar, skipulag og framkvæmd og hvernig gagnaöflun yrði háttað.

Í vettvangsheimsókninni var hugað að húsnaðismálum, búnaði, skólabrag og sérstöðu. Ekki gafst tími til að skoða kennsluaðstæður eins ítarlega og upphaflega var gert ráð fyrir en litið var inn til nokkurra kennara og nemenda grunnskólasviðs og fylgst með börnum að leik í á leikskólasviði.

Að lokinni vettvangsheimsókn var unnið með þau gögn sem söfnuðust, þau afrituð, þemagreind og túlkuð. Í framhaldinu voru niðurstöður settar fram í skýrslu. Drög að skýrslunni voru send sveitarstjóra 4. maí 2015 og gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Úttektinni lauk 19. maí 2015 með skilafundi.

Fræðileg umgjörð

Í niðurstöðu úttektarinnar felst umsögn um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum og hugmyndafræði. Þau viðmið og hugmyndafræði sem lögð voru til grundvallar úttektinni eiga rætur sínar að rekja til þátta sem rannsóknir og fræði í menntavísindum og matsfræðum telja vera lykilþætti í árangursríku skólastarfi og mati á því.

Niðurstöður úttekta sýna styrkleika þess skólastarfs sem metið er hverju sinni og draga fram þá þætti sem þarfnast úrbóta. Stundum er um að ræða þætti sem getur verið erfitt er að draga fram í dagsljósið. Niðurstöðurnar hafa leiðbeinandi gildi fyrir viðkomandi skólasamfélag en einar og sér laga þær ekki skólastarfið. Umbótastarfið kemur í hlut fólksins sem vinnur við skólann og tekur ákvarðanir sem geta bætt það sem bæta þarf (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Í úttektarferlinu og úrvinnslunni er horft til niðurstaðna rannsókna á skólakerfum víðs vegar um heiminn sem eiga það sameiginlegt að ná góðum árangri (McKinsey og Company, 2010). Mikilvægt er að hafa í huga að þau gæði sem skólinn býður börnum hafa áhrif á allt þeirra líf, mótar þau og hæfni þeirra til þátttöku í samfélaginu og því er til mikils að vinna að skapa umbótamiðaða samstarfsmenningu sem setur árangur nemenda og gæði skólastarfsins í forgrunn.

Sveitarfélög standa frammi fyrir kröfum um að stofnanir þeirra séu í stöðugri þróun í takt við þær hröðu breytingar sem eiga sér stað í samfélaginu. Til að mæta þeim kröfum þarf að koma á umbótamiðuðum starfsháttum (Björk Ólafsdóttir, 2010). Til að styrkja forsendur skólastarfs til stöðugra umbóta er gjarnan vísað til hugmynda um skóla sem lærdómssamfélags (e. professional learning community). Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlega leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Einkenni lærdómssamfélags eru:

- Skýr sýn og sameiginleg gildi,
- markmið sem beinast að námi og árangri nemenda,
- dreifð og styðjandi forysta,
- faglegt samstarf og starfsþróun,
- skipulag starfs og vinnuvenjur (Dufour og Fullan, 2013; Huffman og Hipp, 2003).

Í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemenda (Stoll, Bolam, McMahon, Wallace, Greenwood og Hawkey, 2006). Faglegt samstarf felst m.a. í að þróa starfshætti og aðferðir og rýna í hvað raunverulega skilar árangri. Í samstarfinu verður hver og einn að horfa, bæði til þess hvernig hann getur bætt starfshætti sína og einnig hvað aðrir geta gert betur og efla þannig skuldbindingu hópsins til að bæta skólastarfið í sameiningu.

Ígrundun á starfsháttum og samvinna kennara er grundvallarþáttur í gæða skólastarfi og fjölmargar rannsóknir og safngreiningar á árangri nemenda leiða í ljós að mest áhrif á nám nemenda hafa kennarar sem ígrunda og draga lærdóm af eigin starfsháttum (Hattie, 2009). Rannsóknir sýna þannig að gæði kennslu hafa meiri áhrif á frammistöðu nemenda heldur en nokkur annar þáttur í skólastarfi. Þau skólakerfi í heiminum sem hafa náð hvað mestum árangri eiga það sameiginlegt að hafa lagt mikla áherslu á að bæta kennslu. Það hafa þau m.a. gert með því að efla kennara, kennsluleiðtoga og að gera kennurum kleift að læra hver af öðrum (McKinsey og Company, 2010). Því skiptir máli fyrir skólasamfélag sem vill ná árangri að skapa árangursríka námsmenningu sem hvetur til opinna samskipta, samstarfs, teymisnáms og félagastuðnings. Markvisst og gott samstarf kennara getur unnið gegn einangrun og stuðlað að samræðu um sýn og viðfangsefni, falið í sér tækifæri til að prófa og þróa aðferðir í daglegur starfi og meta árangur í samsarfi við starfsfélaga (Knight, 2011; Robertson, 2008). Í úttektarferlinu var stuðst við efnislegt inntak matstækis fyrir lærdómssamfélag (Huffman og Hipp, 2003) en það er hægt að nota til að varpa ljósi á og nota sem viðmið við þróun faglegs skólastarfs. Matstækið hefur verið þýtt og staðfært miðað við íslenskar aðstæður og notað í langtímarannsókn í íslenskum skóla (Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, 2015) (sjá fylgiskjal 2).

Aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og grunnskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarf og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Í henni birtist heildarsýn um menntun og þar er menntastefnan nánar útfærð. Skólar skulu leitast við að haga störfum sínum í samræmi við stöðu og þarfir barna og miða að virkri þátttöku þeirra. Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Starfshættir og samskipti barna innbyrðis og við starfsfólk í skólum er ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og byggjast gæði mennunar og árangur skólakerfisins fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í úttektarferlinu var horft til gátlista varðandi skólanámskrárgerð og starfsáætlun (sjá fylgiskjal 5). Gátlistinn byggir á aðalnámskrám leik- og grunnskóla og lögum um grunnskóla nr. 90/2008.

Hér hefur verið gerð grein fyrir fræðilegri umgjörð úttektarinnar og í næstu köflum verður dregin upp vettvangsmynd af Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og í framhaldinu er umræða samofin niðurstöðum úttektarinnar. Í lokin eru meginniðurstöður dregnar saman.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er 130 barna skóli sem skiptist í tvö svið og er starfræktur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Leikskólasviðið er í Melahverfi með 40 börn á aldrinum 1–6 ára og grunnskólasviðið er staðsett við Leirá með um 90 nemendum í 1.–10. bekk. Starfsfólk skólans er um 40 (Hvalfjarðarsveit, án árs). Stjórnendateymi skólans samanstendur af skólastjóra og tveimur sviðsstjórum; leikskólasviðs og grunnskólasviðs. Húsnæði grunnskólasviðsins er nýlegt en skólabyggingin var tekin í notkun haustið 2011.

Gildi skólans eru *vellíðan*, *virðing*, *metnaður* og *samvinna*. Skólinn er skóli á grænni grein og flaggar Grænfánanum. Grunnskólasviðið flaggaði grænfána sínum í þriðja sinn 2013 og leikskólasviðið í annað sinn 2012. Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt og útinám og umhverfi skólanna býður upp á áhugaverð námstækifæri og er uppspretta leikja og rannsókna. Í skólanum er unnið þróunarverkefni sem snýr að notkun spjaldtölva í skólustarfi í leik og námi og er skólinn vel tækjum búinn til þeirrar vinnu. Með notkun á spjaldtölva í skólustarfi vill skólinn vera leiðandi í að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu. Á grunnskólasviðinu er í tengslum við læsi m.a. unnið eftir aðferðum *Byrjendalæsis* í 1.–3. bekk og fylgir grunnskólasviðið uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar*. Við innra mat notar skólinn m.a. *Gæðagreina 2* og *Barnið í brennidepli* auk þess að rýna í og nýta niðurstöður *Skólupúls* o.fl. Í vetur starfar við skólann einn verkefnisstjóri og snúa verkefni hans að þróun spjaldtölva í námi. Einnig starfa í skólanum þrjú þróunarteymi; ípad-, umhverfis- og uppbyggingarteymi.

Niðurstöður og umræður

Hér verður varpað ljósi á helstu niðurstöður úttektarinnar. Gerð grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta með það að markmiði að auka enn frekar faglegt starf í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í úttektarferlinu voru faglegir þættir skólustarfs greindir út frá meginþemum sem byggja á einkennum lærdómssamfélags og lögð voru til grundvallar úttektarferlinu. Til þess að efla skólasamfélagið sem lærdómssamfélag þarf að huga að einkennum þess sem nefnd eru hér á undan. Þessir þættir tengjast bæði skipulagi skólustarfsins og menningu. Þó mikilvægt sé að þekkja einkenni lærdómssamfélags er nauðsynlegt að hafa í huga að það eru ekki einkennin ein og sér sem skipta mestu máli heldur hvernig þau fléttast saman og styðja við innra starf skólanna og skólasamfélagið í heild (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Undirkaflaheitin vísa í áherslupætti lærdómssamfélag og aðalnámskrár og lýkur hverjum undirkafla með samantekt á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.

Skólustefna og skólanámskrá

Skýr sýn og sameiginleg gildi

Í skólaþróunarfræðum er jafnan lögð áhersla á mikilvægi þess að hafa sameiginlega sýn á hvert beri að stefna. Stefnan er hvati til að fá fólk til að leggja sig fram og skynja sig sem hluta af mikilvægri heild. Sameiginleg sýn kemur m.a. fram í því að aðilar skólasamfélagsins geti aðspurðir útskýrt áherslur skólans og verið nokkurn veginn sammála. Mikilvægt er að

sameiginleg framtíðarsýn beinist að menntun hvers nemanda og faglegu starfi skólans (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013).

Í skólaþróun er mikilvægt að vera meðvitaður um ferli stefnumörkunar og ákvarðanatöku. Til þess að sjálfbær breyting á skólustarfi eigi sér stað þarf breytingin að vera bæði hagnýt og árangursrík. Stefnumörkun og ákvarðanatöku innan skólakerfisins má skipta á 3 stig. Stigin eru stjórnvöld, sveitarfélög og skólar. Á hverju stigi er byggt á bestu þekkingu við að skipuleggja og laða fram umbætur og byggja upp hæfni. Þróunin stuðlar að aukinni hæfni til stefnumörkunar, áætlanagerða og getu til aðgerða sem hefur í för með sér aukið sameiginlegt vald og virkni hóps til að taka þátt í stöðugri framför í þágu nemenda (Fullan, 2005).

Megináhersla við mótun skólustefnu er að taka afstöðu til þess hvað skuli einkenna skólann. Stefnan skilgreinir þann árangur sem stefnt er að, dregur fram hvaða leiðir ákveðið er að fara til að ná settu marki og hvernig meta á framvinduna (Björk Ólafsdóttir, 2010). Gæta þarf þess að sú framtíðarsýn og þau markmið sem stefnt er að séu í takt við gildandi menntastefnu og hvetji til skapandi hugsunar og þróunarstarfs (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013).

Menntastefna Hvalfjarðarsveitar er metnaðarfull og eru kjörorð hennar *samvinna, árangur og fagmennska*. Stefnan var sett árið 2012 og gildir til 2015 og þar segir m.a. að með samvinnu sé átt við að auka samvinnu milli skólastiga og samvinnu heimilis og skóla. Að skólinn og nemendur stefni að því að ná sem mestum árangri á öllum sviðum og þar kemur einnig fram að framfarir nemenda skuli metnar reglulega og bornar saman við fyrri árangur hvers og eins. Með fagmennsku er átt við þróun skólans í kennsluháttum, fjölbreyttu námsmati, sýnilegum áætlunum og mati. Við gerð stefnunnar var tekið mið af lögum og reglugerðum er lúta að starfi leik- og grunnskóla. Auk þess lá aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla til grundvallar vinnunnar þar sem kjarninn er settur saman úr sex grunnþáttum menntunar. Mótun stefnunnar fór fram í lýðræðislegu ferli og kom allt skólasamfélagið að gerð hennar. Haldinn var opinn íbúafundur þar sem rætt var um hugmyndir og væntingar íbúa til skólamála sveitarfélagsins. Haldið var skólaþing þar sem starfsfólk beggja skólastiga kom fram með sína sýn á skólustarf og framtíðarsýn og einnig var tekið mið af niðurstöðum viðhorfskönnunar sem framkvæmd var meðal nemenda á aldrinum 3–16 ára í skólanum. Drög voru send til nefnda sveitarfélagsins, sveitarstjórnar, starfsfólks skólans og foreldrafélaganna (Hvalfjarðarsveit, 2012). Skólinn hefur útfært drög að skólanámskrá á grunni stefnunnar (Skólanámskrá leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, 2014) og hefur skólanefnd þau drög til skoðunar. Skólustarfið tekur mið af skólanámskrádrögum og markmiðið er að næsta skólaár verði starfað eftir samþykktari skólanámskrá.

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og grunnskóla (nr. 91/2008) ber hverjum skóla að gefa út skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá og ber skólastjóri ábyrgð á gerð hennar. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir markmiðum skólans, uppeldis- og menntunarhlutverki, inntaki náms og námsmati, starfsháttum og mati á árangri og gæðum skólustarfs. Skólanámskrá skal taka mið af sérstöðu skóla og skólustefnu viðkomandi sveitarfélags. Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans

Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Eftir sameiningu skólanna hófst vinna við stefnumörkun og skólanámskrárgerð og stefnt að útgáfu sameiginlegrar skólanámskrár. Haustið 2014 voru skólanámskrárdrög tilbúin og bíða þau samþykktar skólanefndar. Líkt og við mótun menntastefnunnar var lögð áhersla á að vinna skólanámskrá með aðkomu sem flestra í skólasamfélaginu og kom allt starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur grunnskólasviðs að gerð skólanámskrárinnar með einum eða öðrum hætti. Námskráin er að hluta tvískipt þar sem ólíkar aðstæður og þarfir greina að uppeldis- og menntunarhlutverk hvors sviðs en markmið og stefnur sameiginlegar þar sem við á eins og segir í skólanámskránni og kaflar um nám og starf útfærðir sérstaklega fyrir hvort svið. Skólanámskrá og starfsáætlun eru skýr og ná yfir þá flesta þá þætti sem samkvæmt aðalnámskrám eiga að vera í skólanámskrá og starfsáætlun. Það eru tækifæri til að greina betur frá símenntunaráætlunum í starfsáætlun, skrá viðmið um gæði í einstaka efnisþáttum skólanámskrár til að styðjast við í innra mati og gera nokkra grein fyrir náms- og kennsluáætlunum áður en vísað er á Mentor. Í viðtölum kom fram að almennt ríkir sátt um skólastefnuna og skólanámskrárdrögin. Kennarar, annað starfsfólk, foreldrar og nemendur þekkja vel til helstu áhersluatriða í skólustarfinu, s.s. einkunnarorða skólans, umhverfismenntar og spjaldtölvuverkefnisins. Kennarar segja námskrána endurspeglast í starfinu og kom fram í viðtölum við kennara að námskráin nýtist þeim sem leiðarvísir í starfi:

Við vinnum í takt við námskrá, skólanámskráin er skýr og á mannamáli. Allir skilja hana og það er farið yfir hana með nýjum starfsmönnum og á deildarfundum er gripið í hana og hún er leiðbeinandi fyrir starfið. Ég hef aldrei fundið eins sterkt að það er unnið eftir plagginu. Það er auðvelt að vinna eftir henni og það skiptir máli að hafa tekið þátt í að búa hana til.

Aðspurðir um það hvort grunnþættir menntunar væru sýnilegir í starfinu, sögðu grunnskólakennararnir að unnið væri með alla þessa þætti, enda eru þeir flestir rótgrónir í menningu skólans. Vinnan með einstaka þætti væri hins vegar e.t.v. ekki alltaf mjög meðvituð. Leikskólakennararnir nefndu dæmi um það hvernig grunnþættirnir endurspegluðust í starfinu, s.s. hvernig börnin hefðu fengið að koma að endurskipulagningu útileiksvæðisins á lýðræðislegan hátt og að í öllu daglegu starfi væri hugað að því að tengja við grunnþættina, s.s. með því að tryggja að börnin fengju næga hreyfingu, tengja læsi og stærðfræði inn í könnunarleikinn o.s.frv.

Styrkleikar: Breiður hópur kom að mótun skólastefnunnar og skólanámskrár. Skólastefnan og drög að skólanámskrá hafa verið vel kynntar og sátt ríkir um áherslur skólans.

Tækifæri: Festa þarf gildi skólans betur í sessi og er vinna við það hafin. Fyrir liggur endurskoðun á skólastefnu Hvalfjarðarsveitar og þar liggja tækifæri til frekari framþróunar. Gera þarf vinnu með grunnþætti menntunar markvissari.


Stjórnun, fagleg forysta, stefnumótun og mannauður

Dreifð og styðjandi forysta

Skólustjórur og aðrir stjórnendur gegna afar mikilvægu hlutverki í þróun skólustarfs. Meginviðfangsefni skólustjóra er að þróa og móta sínar skólustofnanir. Vinna þarf að mótun menntastefnu og tryggja að henni sé fylgt eftir. Í skólum birtast ólíkar hugmyndir um hvernig ber að standa að verki. Skólustjórur þurfa að taka mið af þessu og móta starfshætti sína í samræmi við það. Til þess að vel takist til verða skólustjórnendur að vera leiðandi um það sem gera þarf og fá aðra til liðs við sig. Þeir verða að stuðla að því að skólustarfið sé samhæft þannig að eitt byggi á öðru og að starfsfólk styðji hvert annað. Skólustjórnendur verða að fá alla sem tengjast skólustarfinu til að leggja sitt af mörkum og vinna saman og um leið að horfa gagnrýnum augum á það sem gert er og vinna að umbótum. Hugtakið stjórnun felur í sér að taka ákvarðanir en forysta vísar til tengsla milli stjórnenda og starfsfólks. Tengslin felast í gagnvirku sambandi milli stjórnenda og starfsfólks um viðfangsefni, stefnu og aðgerðir (Börkur Hansen, 2013).

Stjórnunarteymi skólans samanstendur af skólustjóra í 100% stöðu og tveimur sviðstjórum, í 40% stöðu á grunnskólasviði og 60% stöðu á leikskólasviði (mynd 1). Skólustjórinn er yfirmaður beggja sviða og ber samkvæmt starfslýsingu ábyrgð á faglegu starfi, stefnumótun og þróunarmálum. Hann sér um daglegan rekstur og hefur yfirumsjón með ráðningum, fjármálum og rekstrarlegum skuldbindingum. Skólustjóri er einnig tengiliður skólans út á við, s.s. við sveitarstjórn, fræðslu- og skólasvið. Sviðsstjórnarnir vinna með skólustjóra að stefnumótun og stjórnun og eru staðgenglar hans þegar hans nýtur ekki við. Verksvið sviðsstjórnanna tveggja er samkvæmt starfslýsingu mismunandi enda stöðuhlutfall þeirra ekki það sama. Sviðsstjóri leikskólasviðs hefur meira vægi hvað varðar forystu í faglegu starfi innan leikskólans og umsjón með daglegum rekstri hans.

Mynd 1. Skipurit Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar



(Hvalfjarðarsveit, 2012)

Stjórnendur hittast vikulega á samráðsfundum og eru þeir ánægðir með samstarfið. Þeir segja að það hafi tekið nokkurn tíma eftir sameiningu að finna sig í nýju kerfi, en í dag sé verkaskiptingin góð og boðleiðir skýrar. Skólastjórinn er þrjá daga vikunnar á grunnskólasviðinu og tvo á leikskólasviðinu og þykir stjórnendum það gefast ágætlega. Kennarar og starfsfólk grunnskólasviðsins eru aftur á móti ekki á sama máli og telja miður að hafa skólastjórann ekki staðsettann á grunnskólasviði alla daga. Í huga starfsfólks grunnskólasviðsins er skólastjórinn þeirra yfirmaður og faglegur leiðtogi. Starfsfólk leikskólasviðs lítur hins vegar á sviðstjóra leikskólasviðs sem sinn faglega leiðtoga og yfirmann. Einn viðmælandi á leikskólasviði sagði: „Hún er mjög faglegur leiðtogi í leikskólanum. Við fáum mikinn stuðning frá henni. Hún er í rauninni eins og skólastjórinn okkar. Við sameininguna misstum við skólastjórann. Jón er ekki eins sýnilegur og hún, hann er skólastjóri grunnskólans og lærður sem slíkur.“ Fjarvera skólastjóra þrjá daga vikunnar á leikskólasviði snertir ekki starfsfólk leikskólans líkt og fjarvera hans af grunnskólasviðinu tvo daga vikunnar snertir starfsfólk grunnskólasviðs. Að sögn starfsfólks leikskólasviðs þá sækir það lítið til hans þá daga sem hann er staddur á leikskólasviðinu. Stjórnendur töldu fjarveru skólastjóra frá grunnskólasviði þó ekki vera raunverulegt vandamál, þar sem yfirleitt er hægt að hafa samband í gegnum síma og ef virkilega væri þörf á honum á staðnum tæki ekki langan tíma að fara á milli starfstöðvanna. Það eru tækifæri til að skýra hlutverk skólastjóra gagnvart leikskólasviðinu og einnig hlutverk sviðstjóra á grunnskólasviði þá daga sem skólastjóri sinnir sínu starfi á leikskólasviði.

Veturinn 2013–2014 voru við skólann þrjú stöðugildi verkefnastjóra sem komu að umhverfismennt, tækniþróun og skólaþróun. Í vetur var þeim fækkað niður í eitt vegna niðurskurðar og eftir stendur staða verkefnastjóra í tækniþróun. Áhrifin af fækkun verkefnisstjóra hafa ekki verið metin en stjórnendur hefðu gjarnan viljað halda í fyrra fyrirkomulag og/eða geta a.m.k. haft verkefnastjóra líka í umhverfismenntinni sem er stór partur af stefnu, sérstöðu og starfi skólans. Í vetur hefur verið brugðist við fækkun verkefnastjóra með því að setja á þróunarteymi. Teymin hafa það hlutverk að halda utan um og framfylgja stefnu skólans í ákveðnum þróunarverkefnum, þau starfa eftir erindisbréfi, funda reglulega og skrá fundagerðir. Eins og áður sagði stendur eftir ein staða verkefnisstjóra í tækniþróun. Upphaflega var hugmyndin sú að verkefnastjórar sinntu báðum sviðum skólans, en reynslan sýndi að það gekk ekki nægilega vel. Í vetur hafa því tveir starfsmenn skipt með sér stöðu verkefnastjóra í tækniþróun, kennari við grunnskólasvið í 60% starfshlutfalli og sviðsstjóri leikskólasviðs í 40% starfshlutfalli. Mikilvægt er að meta áhrifin af fækkun verkefnastjóra og árangur þróunarteyma í lok skólaársins og taka ákvörðun um framhaldið.

Kennarar og annað starfsfólk segja gott að leita til stjórnenda. Það er hlustað á kennara og reynt að leysa úr málum, innan skólans ef hægt er en annars er leitað eftir utanaðkomandi stuðningi. Skólinn hefur aðgang að góðri stoðþjónustu bæði fyrir nemendur og starfsfólk, og hefur t.d. aðgang að sálfræðingi og ef á þarf að halda er leitað eftir stuðningi annað. Starfsmannasamtöl eru haldin reglulega og í viðtölum við grunnskólakennara og annað starfsfólk kom fram mikil ánægja með síðustu starfsmannasamtöl sem þeir sögðu hafa verið vel undirbúin. Þar hefðu kennarar og annað starfsfólk fengið endurgjöf á störf sín og tækifæri til að koma fram með hugmyndir og óskir varðandi starfið.

Kennarar og annað starfsfólk telur sig geta haft áhrif á starf skólans og stefnumótun. Kallað er eftir hugmyndum frá starfsfólki og hugmyndir bornar undir það. Annað starfsfólk en kennarar við grunnskólasvið bendir þó á að oft gleymist að hafa það með í ráðum þegar verið er að undirbúa og skipuleggja viðburði í tengslum við skólastarfið. Fundir eru haldnir með öllum kennurum og öllu starfsfólki einu sinni í mánuði, en umræða og ákvarðanatöku fer oft fram á kennarafundum sem annað starfsfólk situr ekki. Annað starfsfólk en kennarar segir það óþægilegt að vera ekki haft með í ráðum þegar skipulagðar eru ferðir og/eða annað uppbrot á skólastarfinu sem það á síðan að koma að. Það segir að þetta hafi verið betra áður, því þá voru vikulegir fundir með öllu starfsfólki. Færri fundir dragi úr samheldni alls starfsfólks og leiði til meiri skiptingar í tvær fylkingar, kennara og annað starfsfólk.

Styrkleikar: Verkaskipting stjórnenda er góð og boðleiðir skýrar. Starfsfólk getur leitað eftir stuðningi hvert hjá öðru. Stjórnendur hlusta á starfsfólkið og allir telja sig geta haft áhrif á skólastarfið. Vel er stutt við skólastarfið af hálfu sveitarfélagsins. Gott aðgengi er að stoðþjónustu utan skólans.

Tækifæri: Að skýra betur og efla hlutverk skólastjóra á leikskólasviðinu þannig að faglegur styrkur hans nýtist betur á leikskólasviðinu. Það getur orðið til þess að styrkja sviðin í starfi sínu og stuðlað að meiri samhug um skólastarfið og markvissari eftirfylgd við sýn skólans, stefnu og gildi. Að skýra betur hlutverk og ábyrgð sviðstjóra á grunnskólasviði þá tvo daga vikunnar sem skólastjóri er staddur á leikskólasviði. Tryggja að öllum á grunnskólasviði sé ljóst hvert skuli leita þá daga sem skólastjóri er staðsettur á leikskólasviði og að sátt ríki um boðleiðirnar. Stuðla að samstarfsmenningu þar sem allt starfsfólk er haft með í ráðum þegar við á og skýra boðleiðir til og á milli hópa þegar ákvarðanir eru teknar. Gæta þess að ekki myndist gjá milli kennara og annars starfsfólks. Tryggja þarf stöðugleika í verkefnastjórnastöðum og reglulegt mat á þróunarverkefnum.

Skólabragur, viðhorf og líðan

Gefur til kynna þann anda sem ríkir

Jákvætt samband nemenda við kennara er einn af mikilvægum þáttum í uppbyggingu á góðum skólabrag. Í skólastefnu Hvalfjarðarsveitar (2012) kemur fram að nemendum skuli líða vel í skólanum og að nám og starf sérhvers barns og ungmenns miðist við þarfir þeirra og getu. Skólinn er fyrir alla og án aðgreiningar. Byggt er á einstaklingsmiðuðum starfsháttum, nánnum tengslum við samfélag og náttúrulegt umhverfi skólans. Í stefnu skólans kemur fram að einelti sé ekki liðið og í skólanámskrá hefur verið útfærð eineltisáætlun. Unnið er eftir hugmyndafræðinni *Uppeldi til ábyrgðar* við grunnskólasvið en aðferðin gengur út á að kenna og þjálfra börn og unglunga í sjálfstjórn. Leikskólasviðið vinnur ekki eftir þessari hugmyndafræði.

Þegar spurt var um skólabrag í rýnihópaviðtölum bar öllum saman um að hann einkenndist af samstöðu og að áhersla væri lögð á að öllum liði vel. Í viðtölum kom fram að starfsmannahópurinn er samheldinn og lausnamiðaður. Allir eru samstíga í því að vinna saman sem ein heild að málefnum barnanna. Nemendur töluðu um fjölskyldustemningu, að allir þekki

alla og það ríki systkinastemning námshópunum. Foreldrar tóku í sama streng. Þeir segja gott að koma inn í skólann sem foreldri, þeir séu ávallt velkomnir og viðmót starfsfólks sé hlýlegt. Niðurstöður úr viðhorfakönnun meðal starfsfólks og *Skólapúlsi* styðja þetta. Í sjálfsmatskýrslu grunnskólasviðs 2014 er vitnað í viðhorfakönnun starfsfólks og þar kemur fram að 78% svarenda líður mjög vel eða frekar vel í vinnunni. 93% svarenda telur samstarf við starfsfólk skólans ganga mjög og frekar vel og þegar spurt var hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti á þessu skólaári af hálfu starfsmanna svöruðu allir neitandi. Í *Skólapúlsi* mælist skóla- og bekkjarandi mjög góður og sér í lagi mælist samband kennara og nemenda gott, en þar er marktækur munur á svörum barna á grunnskólasviði og landsins í heild. Líðan og heilsa mælist í *Skólapúlsi* nálægt landsmeðaltali utan það að mataræði er ívið lakara en á landsvísu þegar kannað er hversu heilsusamlegt mataræðið er og þá miðað við neyslu ávaxta, grænmetis, vítamíns, skyndibita og gosdrykkja.

Skiptar skoðanir komu fram þegar spurt var út í viðhorf samfélagsins til skólans. Flestir töldu að það væri almennt gott en þó kom fram í viðtölum við grunnskólakennara að þeir yrðu stundum varir við neikvætt viðhorf til skólans og að almenningi finnist skólinn ekki standa sig nógu vel. Þar töldu þeir þó að ytri þættir gætu haft áhrif á viðhorfið, s.s. mismunandi hugmyndir til náms og hlutverks skóla. Foreldrar leikskólubarnanna telja að viðhorf til leikskólans hafi gjörbreytst á undanförunum árum og sé mun jákvæðara í dag en áður. Þessa jákvæðu breytingu rekja þeir til aukinna gæða og fagmennsku í leikskólastarfinu:

„Viðhorfið hefur gjörbreytst í gegnum tíðina og vaxandi jákvætt viðhorf til leikskólans sem að mínu viti vex vegna gæða starfseminnar. Hún hefur stórbatnað og maður finnur hana styrkjast. Það hafa orðið mannbreytingar hérna og áherslurnar eru aðrar og andrúmsloftið hefur batnað. Árið 2005 var þetta svona einhverskonar gæsluvöllur og það var einn fagmenntaður starfsmaður í húsinu sem var leikskólastjóri. Og þetta helst náttúrulega allt í hendur við það. Það skiptir máli að það sé fagmenntað starfsfólk í húsinu. Já ég upplifi það mjög sterkt á foreldrafundum og ég finn að það er verið að spá í barnið og hvað henti hverju barni og það finnst mér mjög faglegt. Og skipulag starfsins yfir daginn þetta er gjörbreytt frá því sem áður var.“

Í viðtölunum kom fram að sameining leik- og grunnskóla var umdeild á sínum tíma og tók á og hafði áhrif á líðan. Stjórnendur, kennarar, annað starfsfólk og foreldrar sögðu mikið hafa gengið á, sér í lagi fyrsta árið eftir sameinginuna. Að hluta til stafaði það af erfiðleikum í stjórnun, en einnig hafði andstaða við sameininguna neikvæð áhrif. Fyrstu árin eftir sameininguna voru starfsfólki mjög erfið en af viðtölum við það má ráða að nú hafi tekist að vinna úr þeim erfiðleiknum að mestu. Enn má þó finna að ekki hafa allir sætt sig að fullu við breytt skipulag. Grunnskólakennararnir sögðu að sameiningin birtist fyrst og fremst í því að skólastjóri er ekki alla daga vikunnar staðsettur á grunnskólasviði og að það væri helsta breytingin, þ.e. að skólastjórinn sé ekki eins sýnilegur og hlutverk hans snúi meira að framkvæmdastjórnun en því að vera faglegur leiðtogi. Kennarar segja að skólarnir hafi átt gott samstarf fyrir sameinginuna og það hafi ekki orðið nein breyting á því við sameininguna. Þeir sjá ekki að það hafi verið þörf á að sameina til að ná því fram, það samstarf gæti allt eins átt sér

stað á milli tveggja stofnana. Svipað viðhorf kom fram í viðtali við leikskólakennara og annað starfsfólk leikskólans. Þeir segja skólana hafa verið í góðu samstarfi fyrir sameiningu og það samstarf hafi lítið breyst með sameiningunni. Þeir segja að illa hafi verið staðið að sameiningunni og hún nái í raun enn ekki mikið lengra en á pappírana. Þannig vilji það t.d. enn brenna við að leikskólasviðið gleymist í heildarskipulaginu.

Foreldrar sjá hins vegar töluverðan ávinning af sameiningunni. Þeir telja að börnin fái betri aðlögun að grunnskólasviðinu eftir sameininguna þar sem heimsóknum hafi fjölgað og kennarar séu í meira sambandi en áður. Einnig er auðveldarara í sameinuðum skóla að fylgja börnunum yfir á grunnskólasviðið, eftirfylgnin verður betri og markvissari þar sem samstarfið hefur verið mikið og grunnskólakennararnir þekkja til þeirra barna sem eru að hefja nám á grunnskólasviði. Einnig opnast möguleikar á margvíslegu flæði á milli sviða eins og að stuðningsaðili af leikskólasviði fylgi börnum sem þurfa stuðning fyrstu dagana eða vikunnar á grunnskólasviði. Foreldrar sjá líka hag í því að vera með eitt foreldrafélag sem stendur fyrir sameiginlegum viðburðum fyrir bæði skólastigin.

„Já, við upplifum það meira núna að þetta sé ein heild. Tíðari heimsóknir leikskólabarna í Heiðarskóla og krakkarnir þar koma á móti í heimsókn hingað. Það er ofsalega spennandi líka fyrir eldri krakkana að upplifa að þau séu stór. Þetta er einn skóli en tvær starfsstöðvar, tvær ólíkar starfsstöðvar en það sem hefur einfaldast fyrir okkur sem erum foreldrar er t.d. sameining foreldrafélagsins, allir þessir viðburðir og svona, þetta er orðið miklu einfaldara fyrir okkur núna sem eigum börn á báðum stöðum og góð samfella í því. Foreldrafélagið er samsett af foreldrum frá báðum starfsstöðvum. Sameiginlegt foreldrafélag, eitt jólaföndur og það er mikill munur og sýningin fyrir jólin, 1. des hátíðin, er yngri deild skólans að sýna og þá fær elsti hópurinn á leikskólanum að taka þátt í sýningunni og koma fram. Já þetta kemur vel út og maður lítur á þetta sem eina stofnun.“

Styrkleikar: Jákvæður skólabragur. Gott og lausnamiðað starfsfólk.

Tækifæri: Að leggja áherslu á uppbyggilega og árangursríka samstarfsmenningu á milli leik- og grunnskólasviðs. Samræma eftir hvaða hugmyndafræði er unnið þegar kemur að uppeldisstefnu.

Nám og kennsla, árangur

Markmið sem beinast að námi og árangri nemenda

Meginhlutverk skóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í skólasamfélaginu þarf sífellt að spyrja um árangur af starfinu fyrir nemandann, hvort skólustarfið skili honum merkingarþæru námi og skilningi. Þegar sameinast hefur verið um markmið er nauðsynlegt að þau taki til allra þátta náms og endurspeglit í daglegu starfi (McLaughlin og Talbert, 2001).

Í skólanámskrárdrögum leik- og grunnskólasviðs er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsaðlögun. Leikskólasviðið tilgreinir leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnanna og grunnskólasviðið leggur áherslu á að mæta þörfum allra nemenda með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Mikil áhersla er á útiveru og útinám á báðum skólastigum. Umhverfismennt er ein af megináherslum skólans og skólinn er Grænfánaskóli. Unnið hefur verið að því að innleiða notkun spjaldtölva í nám og kennslu undanfarin ár og er skólinn vel tækjum búinn til þess verkefnis. Áhersla er lögð á að auka ábyrgð barna á eigin námi og er það gert með fjölbreytni í kennsluháttum og þemanámi. Gildi skólans eru: *velliðan, virðing, metnaður og samvinna* og eru þau eins og rauður þráður í gegnum skólanámskrána. Snertifletir í samstarfi leik- og grunnskólasviðs eru helst á yngsta stigi grunnskólasviðs og á elsta stigi leikskólasviðs. Auk þess sem boðið er upp á valgrein fyrir unglingastigið þar sem þeim gefst kostur á að kynnast leikskólustarfinu með því að koma þangað inn sem lærlingar í ákveðinn tíma.

Skýjaborg

Í viðtölunum við sviðstjóra leikskólasviðs og starfsfólk sviðsins komu áherslur skólans á leikinn vel í ljós. Lagt er upp úr því að gefa frjálsum leik og könnunarleik eins mikið svigrúm og mögulegt er og hefur verið unnið markvisst að því að gefa leiknum aukið vægi með breytingum á dagskipulagi og með því að fækka stýrðum stundum. Börnin velja sér sjálf hvað þau vilja gera og með hverjum. Kennarar segja þessa breytingu hafa reynst vel. Börnin eiri lengur við verkefni og séu ánægðari. útivera og útinám er einkennandi fyrir sviðið og er leitast við að nýta umhverfi skólans til leikja og náms. Farið er í vettvangsferðir s.s. í sveitaferð, fjöruferð og skógræktarland í nágrenni skólans. Leikskólasviðið hefur í vetur tekið þátt í nordplus verkefni, um útinám, hreyfingu og sköpun ásamt skólum í Eistlandi, Letlandi, Litháen og Noregi. Í tengslum við þróunarstarf um spjaldtölvur eru tölvurnar markvisst notaðar í skólustarfinu til að styðja við nám og leik. Spjaldtölvurnar eru t.d. notaðar til að lesa sögur, hlusta á tónlist, efla málþroska o.fl.

Foreldrar eru ánægðir með þessar áherslur leikskólans og sjá hvernig þær skila sér til barnanna eins og fram kemur í eftirfarandi orðum foreldra:

„Kennsluaðferðirnar þær samtvinna þetta svona, þau eru úti að leika og þau eru að læra með því að vera úti, það er gaman en samt eru þau að læra. Þannig að það er gaman að læra og það vekur áhuga hjá þeim. Áberandi þessi þemavinna sem hefur farið fram t.d. með fjölskylduna og nærsamfélagið, traktorar, þau gerðu traktorslíkan, já það eru sveitamenn hérna. Það er alltaf kosið um þemun og þau fá sjálf að ákveða hvað er tekið fyrir og traktorinn varð ofan á í haust. Einhvern tímann voru þau með fuglaþema, voru með dauðan fugla og veltu fyrir sér hvers konar fugla o.fl. Það er margt sem er spennandi og áhugahvetjandi og mikið útfyrir kassann nám. Og svo er manni tekið opnum örmum ef maður kemur með eitthvað eins og t.d. kom ég með fiska í fötu og krabba og svona, hænuunga í smá tíma þannig að allt svona er tekið opnum örmum, það var komið með hvolpa, svo alls konar ræktun og

núna eru þau að rækta sólblóm, það er byrjuð vorsáningin í gluggunum. Fyrir mér er það mesta allt þetta nám í gegnum leikinn.“

Lögð er áhersla á að mæta þörfum hvers og eins barns og leitast er við að mæta þörfum allra innan deilda, en einstaklingar og hópar eru teknir út í sérstaka þjálfun ef það þykir henta betur. Þannig er t.d. unnið að málörvun tvítyngdra barna í sérstökum stundum. Til að mæta ákveðnum þörfum er skipulagið sveigt til ef þurfa þykir, s.s. með því að leyfa einstaka barni að nýta sér hluta starfsins á hinni deildinni ef það hentar þörfum þess betur. Aðgengi að sérfræðipjónustu er gott og vilji til að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á aðstoð að halda. Starfsfólk leikskólasviðs telur það helsta styrkleika Hvalfjarðarsveitar í skólamálu og sagði einn stafsmaður: „þjónustan er svo góð að fólk flytur jafnvel í sveitarfélagið vegna hennar.“

Skólanámskrárárdrögin gefa ákveðinn ramma fyrir starfið. Út frá þeim eru gerðar áætlanir til styttri tíma s.s. starfsáætlun fyrir hvert skólaár og deildaráætlanir sem eru uppfærðar árlega. Þessar áætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og hafðar til hliðsjónar þegar starfið er skipulagt til styttri tíma. Unnið er út frá ákveðnu þema hverju sinni í anda könnunaraðferðar. Viðfangsefni er valið úr frá umhverfi barnanna og gerð rannsókn á því. Þemað velja börnin en starfsfólkið útfærir áætlanir fyrir hverja deild þar sem leitast er við að tengja áhersluatriði námskrárinnar inn í viðfangsefni barnanna.

Í starfsáætlun Skýjaborgar (2014) er gerð grein fyrir því hvernig er staðið að mati á námi, þroska og velferð barna. Framfarir eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagönguna, niðurstöður kynntar foreldrum jafnóðum í reglulegum foreldraviðtölum og upplýsingum einnig safnað í ferilmöppu sem fylgir barninu. Við athugun á þroska, námi og velferð barnanna er lögð áhersla á að skoða: alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti. Dæmi um tæki sem notuð eru til að meta þessa þætti eru: *Hljóm-2*, *Íslenski þroskalistinn*, *Íslenski smábarnalistinn*, *Orðaskil* og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum og metur alhliða þroska barnanna. Einnig eru skráningar mikið notaðar og nýttast spjaldtölvurnar vel í það verkefni, að sögn starfsfólks og er gögnum safnað í formi mynda, myndbanda og texta. Niðurstöður mats eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum og deildarfundir eru nýttir til að ræða um framvindu barnanna og starfsaðferðir.

Starfið og starfshættir eru metnir með reglubundnum hætti með matstækinu *Barnið í brennidepli* og valdir þættir metnir á hverju ári. Í starfsáætlun kemur fram hvernig brugðist er við niðurstöðum úr mati síðasta árs. Meðal þess sem metið var starfsárið 2013–2014 voru skólanámskrá og áætlanir. Niðurstöður sýndu almenna ánægju með þessa þætti. Áætlanir fengu það mat að þær væru vel upp settar, læsilegar og gott að vinna eftir þeim.

Heiðarskóli

Allir nemendur á grunnskólasviði fá 37 stunda kennslu á viku, sem er meira en viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá gerir ráð fyrir hjá yngstu nemendum. Umfram tímar í yngri bekkjum stafa af sameiginlegum skólaakstri allra árganga. Viðbótartímarnir eru nýttir til að auka hreyfingu (hreyfing daglega) og tónlistarkennslu (forskóli) auk þess sem lestrarkennsla fær aukið vægi og hefur bókasafnið t.d. verið nýtt í því sambandi. Með fjölbreyttum

kennsluháttum er markmiðið að koma til móts við þarfir mismunandi einstaklinga og auka líkur á að einstakir nemendur nái að efla styrkleika sína og virkja þá krafta sem í þeim búa. Áhersla er lögð á að nemendur séu virkir þátttakendur í leik og starfi og sýni frumkvæði við þekkingarleit. Einstaklingsnámskrár eru gerðar þegar við á í samráði við foreldra og sérkennara. Grunnskólakennarar segja ríka áherslu vera á fjölbreyttar kennsluaðferðir og skapandi vinnu. Annað starfsfólk en kennarar, nemendur og foreldrar taka í sama streng og segja kennsluhætti fjölbreytta. Samkvæmt *Gæðagreinum 2* telja rúmlega 77% kennara á grunnskólasviði að á grundvelli sameiginlegra gilda skapi þeir gott og hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og að þeir komi til móts við námsþarfir nemenda og áhuga og viðhaldi áhuga þeirra (*Sjálfsmatskýrsla Heiðarskóli Hvalfjarðarsveit 2014*). Myndin sem kennarar draga upp af náms- og kennsluháttum á grunnskólasviði er góð og mikilvægt að tryggja með ígrundun og innra mati að hún þróist áfram og styrkist. Rannsóknir hérlendis hafa sýnt að munur er á kennsluháttum eftir aldursstigum og flest bendir til þess að kennsluhættir á unglingsstigi séu almennt mun fábreyttari en á yngri stigum skólagöngunnar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014). Í ljósi þess er það styrkleiki grunnskólasviðs að kennarar standi vörð um sameiginleg gildi og skapi bæði yngri og eldri nemendum hvetjandi og fjölbreytt námsumhverfi og noti fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir.

Samkennt er í flestum árgöngum, 1. og 10. bekk er kennt sér en annars er tveimur bekkjardeildum kennt saman. Vísir að teymiskennslu er innan ákveðinna hópa og stefnt er að því að útfæra frekari teymiskennslu næsta vetur og stækka þá námshópa og hefur skólinn fengið styrk úr Sprotasjóði í það verkefni. Skólinn tók upp *Byrjendalæsi* fyrir nokkrum árum og er kennt samkvæmt aðferðum þess í 1.–3. bekk. Í tveimur greinum á unglingsstigi (ensku og stærðfræði) er notað lotukerfi sem gerir nemendum kleift að fara í gegnum námsefnið á sínum hraða. Í tengslum við umhverfismennt er lögð áhersla á útinám og mælst til þess að útinám fari fram að minnsta kosti einu sinni í viku nema yfir háveturinn. Spjaldtölvur eru nýttar á fjölbreyttan hátt með öllum nemendahópum.

Skólinn er skóli án aðgreiningar hefur þá stefnu að mæta þörfum allra nemenda innan námshóps/bekkjar, en í viðtölum við kennara kom fram að ekki voru allir kennarar sammála um að árangursríkast væri að mæta nemendum innan námshóps/bekkjar og einhverjir töldu betra að nemendur hefðu möguleika á stuðningi utan námshóps/bekkjar. Stoðþjónusta er góð, sérkennari starfar við skólann, talkennari kemur inn reglulega og hægt er að kalla til sálfræðing. Algengast er að stuðningskennari komi inn í námshóp/bekk til að styðja við nám nemenda. En einnig hefur verið farin sú leið að auka verklega kennslu og hefur skólinn verið í samvinnu við búvélaverkstæði í sveitinni um þá kennslu. Um tíma var haldið úti námsveri í skólanum og þangað gátu nemendur leitað þegar á þurfti að halda. Það var hins vegar lagt niður vegna niðurskurðar árið 2008. Kennarar kalla eftir því að fá aftur slíkt námsver. Sérkennari myndi vilja sjá fjölbreyttari leiðir í útfærslu úrræða og telur suma þurfa á því að halda að geta verið meira sér en nú er. Allt eru þetta þættir sem þarf að taka til ígrundunar og samræðu með kennarahópnum með það að markmiði að skapa góðar og árangursríkar námsaðstæður fyrir nemendur.

Foreldrar lýsa ánægju með það hve fjölbreyttar kennsluaðferðir eru í skólanum. Þeir segja kennara óhrædda við að nálgast námsefnið frá mismunandi sjónarhornum og með mismunandi leiðum og að nemendur fái tækifæri til að læra í gegnum það sem þeir hafa áhuga á. Þeir segja að skólinn standi sig einnig vel í því að mæta þörfum allra nemenda og finna sérúrræði fyrir þá sem þess þurfa. Foreldrar eru jákvæðir gagnvart notkun spjaldtölva í námi en finna fyrir því að um þróunarverkefni er að ræða og að kennarar séu að prófa sig áfram með tækin og það sem gert er reynist misvel. Foreldrar setja spurningamerki við sumt sem verið er að gera, s.s. vendikennslu sem þeir telja að ýti náminu meira heim. Nemendur töldu að þeir hefðu of mikið frjálsræði varðandi spjaldtölvurnar og áherslan á nám með stuðningi spjaldtölva hefði jafnvel í för með sér einangrun í námi. Þeir sögðu að í sumum greinum væri um einskonar fjarnám að ræða í gegnum spjaldtölvur. Viðmælandi úr hópi nemenda sagði: „Kennsluhættir eru fjölbreyttir og byggjast mikið á ípad og svolítið einstaklingsbundnir, allavega hjá unglíngadeildinni og þetta er orðið svona í áttina að fjarnámi og svoleiðis fyrirkomulag er í mörgum greinum“. Einnig sagði viðmælandi í nemendahópi: „Þú getur farið áfram eins og þú villt, þú getur verið á undan öllum öðrum en svo er bara svona þæling hvort grunnskólanemendur eru nógu þroskaðir til að bera það mikla ábyrgð á að sjá um námið sjálfir“.

Með því að nota spjaldtölvur í kennslu fá nemendur aukin tækifæri til að vinna sjálfstætt og skapandi, uppgötva námsefnið á eigin forsendum og leita lausna. Einnig gefst börnum og ungmönnum fleiri leiðir við að skila af sér verkefnum, t.d. með rafbókum sem geta verið settar saman af texta, ljósmyndum, lifandi myndefni o.fl. – allt sem þeir sjálfir geta tekið og unnið sjálfir með spjaldtölvunni. Í ljósi sjónarmiða nemenda eru tækifæri fólgin í því að meta náms- og félagslegan ávinning af notkun spjaldtölva í skólustarfi og draga lærdóm af þeirri reynslu sem nú þegar er til í nemenda- og kennarahópnum af notkun spjaldtölva. Jafnframt verður að gæta þess að áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og það að uppgötva námsefni á eigin forsendum verði ekki á kostnað samvinnu, samræðu og miðlunar. Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á lykilhæfni. Lykilhæfnipættirnir eru fimm; tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi. Við skipulag náms og kennslu er mikilvægt að horfa til hvers þáttar lykilhæfnar og tryggja að hann fléttist inn í viðfangsefni náms, það getur dregið úr hættu á að nemandi einangrist með sitt námsefni og stuðlað að fjölbreyttari og dýpri nálgun á viðfangsefni náms.

Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir og er það í höndum hvers kennara að skipuleggja og útfæra sína kennslu. Að sögn eins kennara er það „hluti af traustinu sem borið er til kennara að það er engin ein lína sem allir þurfa að fylgja heldur getur hver og einn útfært kennsluna á sinn hátt“. Í viðtölum við kennara, nemendur og foreldra kom fram að e.t.v. vanti sterkari eftirfylgni af hálfu stjórnenda til að tryggja að sameiginlegum ákvörðunum vaðandi náms- og kennsluhætti og upplýsingaflæði sé fylgt og að skólanámskrárdrögin séu útfærð í verki. Á það sérstaklega við um unglíngastigið og þá í tengslum við ákvarðanir er snerta upplýsingaflæði til foreldra og eftirfylgd við einstaka nemendur. Einnig má bæta eftirfylgd varðandi útinám og umhverfismennt. Lögð er áhersla á útinám og er útinám í fastur liður í

skólustarfinu. Í starfsáætlun og víðar kemur fram að hver námshópur/bekkur hefur vikulegan tíma í útinámi og er hann ýmist fastur í töflu eða breytilegur. Þó lagt sé upp með það að allir árgangar fari í útinám einu sinni í viku og það tekið fram í starfsáætlun og haldið sé utan um það með skráningum er þeirri stefnu ekki fylgt eftir með öllum nemendum og útinámi því ekki sinnt sem skyldi. Kennarar eru misduglegir að sinna útinámi og sumir fara mun minna út með sína hópa en aðrir.

Kennarar gera náms- og kennsluáætlanir fyrir sína nemendur en ekki hefur verið kallað eftir þeim af hálfu stjórnenda, þar sem beðið er eftir því að formið fyrir þá vinnu verði klárt hjá *Mentor*. Verið er að vinna að því að setja niður hæfniviðmið og mun sú vinna klárast í vor. Sett hafa verið markmið þvert á árganga í umhverfismennt, uppeldi til ábyrgðar og tækniþróun og munu markmiðin koma inn í náms- og kennsluáætlanirnar. Mikilvægt er að meta náms- og kennsluáætlanir markvisst og endurbæta þær jafnt og þétt. Smám saman getur orðið til grunnur að góðum áætlunum sem hægt er að styðjast við í skipulagi náms og kennslu.

Í viðtali við stjórnendur kom fram að unnið væri að því að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, þar sem niðurstöður úr *Skólalúsi* benda til þess að það sé þáttur sem má efla. Á unglingsstigi var skapað svigrúm í stundartöflu til að vinna að því að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Hugmyndin var að tíminn myndi nýtast til að aðstoða nemendur við að setja sér námsmarkmið og veita þeim einstaklingsviðtöl til að fylgja áætlununum eftir. Af viðtölum við nemendur að dæma hefur þetta hins vegar ekki skilað sér að fullu inn í starfið. Nemendur í 7. bekk segjast sjálfir setja sér markmið fyrir hverja viku, en nemendur í eldri bekkjum segja að kennarar setji niður vikuáætlanirnar. Í einstaka greinum s.s. stærðfræði og ensku geta nemendur í eldri bekkjum hins vegar ráðið hraða á yfirferðinni sjálfir. Foreldrar tala einnig um að það vanti að fylgja markmiðssetningum nemenda betur eftir:

„Mjög jákvætt að börnin voru að setja sér markmið í unglingsáætluninni. Ég var mjög ánægð með það þegar það byrjaði. En það sem mér finnst alltaf vanta er eftirfylgni. Því þetta er það sem ég er búin að vera að æfa heima að láta mitt barn setja sér markmið og fylgja því eftir. Mér finnst skólinn svo flottur í að prófa eitthvað nýtt en það þarf að fylgja því eftir.“

Fleiri foreldrar taka undir þetta. Hjá foreldri sem á barn á yngsta stigi kom fram að þar voru sett markmið og að þeim var fylgt vel eftir.

Í viðtölum við kennara, annað starfsfólk, foreldra og nemendur komu fram áhyggjur vegna mikils frjálrsæðis sem nemendur á unglingsstigi hafa. Í viðtölum við starfsfólk kom fram að losarabragur væri á unglingsstiginu og vissst agaleysi. Foreldrar og kennarar lýsa því að mikill munur sé á vinnubrögðum og öllu utanumhaldi þegar nemendur eru komnir á unglingsstigi. Foreldrar segja mikilvægt fyrir nám og líðan nemenda að kennarar á unglingsstiginu samhæfi sig betur og standi betur að upplýsingagjöf til foreldra. Líkt og kennarar og annað starfsfólk lýsa foreldrar áhyggjum af skorti á aðhaldi og eftirfylgd.

Í viðtali við foreldra kom einnig fram að nemendur telji að of mikið frjálrsæði komi niður á vinnu þeirra í skólanum. Í viðtali við nemendur kom fram að þeir eru ekki sáttir við frjálrsæðið og kalla eftir stífari ramma og setja spurningamerki við það hvort grunnskólanemendur hafi

þroska til að bera svo mikla ábyrgð í eigin námi. Mikil tækifæri til árangurs felast í því að brúa bilið á milli miðstigs og unglingsstigs og auka samfellu þar á milli í starfsháttum og námi.

Samkvæmt skólanámskrárdögum er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat á grunnskólasviðinu. Mælt er til þess að kennarar noti fjölbreyttar matsaðferðir s.s. endurgjöf, símat, munnleg, myndræn og skrifleg verkefni, próf af ýmsu tagi t.d. „svindlpróf“, heimapróf eða gagnvirk próf, stuttar afmarkaðar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, verkmöppur eða vinnubækur. Verið er að vinna í því að tengja námsmat betur við markmið og hefur Ingvar Sigurgeirsson prófessor við menntavísindasvið HÍ komið að þeirri vinnu.

Nemendur tilgreina próf, kannanir og endurgjöf á verkefni sem dæmi um námsmat. Þeir segja kannanir og próf séu það námsmat sem oftast er notað og auk þess er vinna þeirra í tímum tekin inn í mat á frammistöðu þeirra í einstökum námsgreinum. Nemendur vinna einnig sjáfsmat og fylla út frammistöðumat með foreldrum sem síðan er tekið til umræðu í foreldraviðtölum. Foreldrar tala um að fjölbreytni í námsmati sé að aukast. Þeim þykir frammistöðumatið sem þeir fylla út með barninu einu sinni á önn gagnlegt og gefa tækifæri til að ræða við barnið um námið. Hins vegar finnst þeim námsmatið stundum ekki gefa nægilega skýrar upplýsingar um það hvar barnið stendur. Tækifæri gefst til að ræða um námsmatið í foreldraviðtölum við upphaf hverrar annar, og segja foreldrar það mjög gagnlegt fyrir foreldra og nemendur að hittast og fara yfir stöðuna.

Þegar horft er til hefðbundinna mælinga á námsárangri eins og niðurstaðna samræmdra prófa, er frammistaða grunnskólasviðs um eða undir landsmeðaltali. Fimm ára meðaltöl fjórða, sjötta og tíunda bekkjar á samræmdum prófum sýna að árangur grunnskólasviðs er nokkuð eða töluvert undir meðaltali (30,0) í öllum greinum nema íslensku í 7. bekk þar sem skólinn er aðeins yfir landsmeðaltali (Skólalapsinn, 2015). Í töflu 1 má sjá að niðurstöður samræmdra prófa í Heiðarskóla síðustu 5 ár.

Tafla 1. Meðaltöl síðustu 5 ára úr samræmdum prófum í Heiðarskóla

Árgangur	Íslenska	Stærðfræði	Enska
4. bekkur	26,5	27,3	
7. bekkur	32,1	27,1	
10. bekkur	27,0	25,5	25,0

*Landsmeðaltal 30,0

Bæði kennarar og foreldrar drógu í viðtölunum fram þá skoðun að árangur sé fleira en frammistaða á hefðbundnum prófum. Miklu skipti að nemendur læri að læra, þeim líði vel í skólanum og öðlist ákveðið sjálfstæði. Í viðtali við kennara kom fram sú skoðun að þegar árangur skólans sé metinn eigi ekki bara að skoða frammistöðu á lokaprófi heldur þurfi að horfa í það hvernig nemendum vegnar eftir að námi lýkur. Hann telur skólann skila góðum árangri sé hann metinn út frá því og markmiðum hvers og eins nemanda. Árangur er góður ef nemandi fer áfram í skóla og stendur sig vel eða fer að vinna og stendur sig. Í viðtölum kom fram að skólinn leggi áherslu á að byggja upp sjálfstæða og ábyrga einstaklinga.

Samkvæmt niðurstöðum *Skólalúlsins* nær skólinn ágætum árangri hvað varðar líðan nemenda. En áherslur hans á sjálfstæði nemenda og ábyrgð á eigin námi virðast ekki skila sér nægilega vel til nemenda. Virkni nemenda er samkvæmt *Skólalúlsi* svipuð og almennt gerist í öðrum skólum en trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er marktækt lakari á grunnskólasviðinu en á landsvísu. Með vinnubrögðum í námi (self-regulated learning) er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og athöfnum að því að uppfylla eigin námsmarkmið. Flestar kenningar sem fjalla um vinnubrögð í námi leggja áherslu á tengingu við markmiðssetningu. Markmið eru þannig hluti af öllum stigum námsins allt frá undirbúningi (að setja sér markmið og velja sér leið til að uppfylla það), stjórn á árangri (að beita vinnubrögðum sem beinast að ákveðnu lokamarkmiði og fylgjast með árangrinum) og sjálfsskoðun (meta hversu langt maður hefur komist í að uppfylla markmið sín og aðlaga vinnubrögðin eða markmiðin eftir því sem við á) (Zimmerman og Bonner, 1996). Það er því mikilvægt skref í að efla trú nemenda á eigin vinnubrögð að skólinn haldi áfram að vinna með markmiðssetningu nemenda og fylgi þeirri vinnu vel eftir. Rík áhersla lögð á leiðsagnarmat í aðalnámskrá grunnskóla og með markvissu leiðsagnarmati er hægt skapa árangursríka námsmenningu þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í markmiðssetningu og mati.

Styrkleikar: Sveigjanlegir og fjölbreyttir kennsluhættir. Námsaðlögun og fjölbreytt námsmat. Góð samfella á milli leikskólasviðs og grunnskólasviðs.

Tækifæri: Það þarf að fylgja betur eftir sameiginlegum ákvörðunum varðandi skipulag og stefnu. Það þarf að vinna markvissar með, styðja betur við og fylgja eftir námsmarkmiðasetningu nemenda. Brýnt er að endurskoða starfshætti og efla utanumhald á unglingsstigi. Það þarf að leita leiða til að efla trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi. Mikilvægt að auka samræðu og samfellu á milli miðstigs og unglingsstigs. Huga þarf að samræmi í starfsháttum á mismunandi stigum eins og við á. Meta þarf reglulega og markvisst hvort starfshættir og þróunarstarf beri árangur.

Faglegt samstarf og innra mat

Faglegt samstarf og starfsþróun, skipulag starfs og starfshættir

Fagmennska kennara byggir á samstarfi sem felur í sér sameiginleg markmið, samábyrgð og að læra saman (Hargreaves og Fullan, 2012). Eigi samstarf og starfsþróun að skila árangri og ná til nemenda þarf að huga að ýmsum þáttum í menningu skólans s.s. gagnkvæmu trausti, virðingu og stuðningi. Ýmsar hindranir geta staðið í vegi fyrir samstarfi. Einangrun kennara í starfi leiðir til þess að sameiginlegir hagsmunir eru ekki fyrir hendi og samstarf sjaldnast hluti af daglegu starfi. Í slíku umhverfi þekkja kennarar lítið til starfshátta hvers annars og það getur komið í veg fyrir að þeir leiti sameiginlega lausna, ígrundi og eigi gagnrýnar samræður (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013).

Stjórnendur segja starfsmannahópin vera einn helsta styrkleika skólans. Við skólann starfar hópur sem er tilbúinn til að leggja mikið á sig til að láta hlutina ganga. Á grunnskólasviði segjast stjórnendur hafa góðan tíma til að funda með öllum kennurum. Í stundatöflu eru

fundartímar tvisvar í viku og er annar þeirra funda nýttur sem vinnufundur þar sem kennarar vinna að starfstengdum verkefnum. Einu sinni í mánuði er fundað með öllu starfsfólki. Þrátt fyrir þetta segja stjórnendur að tími til samstarfs kennara reynist oft knappur. Margir búa langt frá vinnustaðnum og kjósa að vinna sinn undirbúning heima og eru farnir af vinnustaðunum um leið og kennslu lýkur. Vonir standa til að með breyttu vinnumati og innleiðingu teymiskennslu breytist þetta og kennarar hafi rýmri tíma til samstarfs. Í viðtölum við kennara á grunnskólasviði kom fram vilji hjá þeim til aukins samstarfs við aðra kennara og binda þeir vonir við það að teymiskennsla muni efla kennara í því að vinna saman að hagsmunum nemenda og til að auka samfellu í námi. Einhverjir kennarar vinna nú þegar saman í teymum og ágæt samvinna er milli bekkjarkennara og list- og verkgreinakennara.

Á leikskólasviðinu er minna svigrúm til að funda. Allir fundir eru á dagvinnutíma þegar leikskólinn er lokaður, fjórir heilir dagar og fjórir hálfir dagar yfir skólaárið. Þennan tíma þarf að nýta fyrir starfsmannafundi, fræðslu og skipulag. Reynt er að funda með deidarstjórum og deildum á vinnudögum, en ekki er hægt að koma því við nema allir séu í húsi. Starfsfólk sýnir mikinn sveigjanleika til að koma þessum fundum á og hliðrar til í dagskrá ef svo ber undir.

Skólinn gerir á hverju ári starfsþróunaráætlun um sí- og endurmenntun sem nær til alls starfsfólks. Í viðhorfskönnun starfsfólks sem gerð var árið 2014 kom fram að 54% svarenda töldu símenntunaráætlun skólans vera mjög skýra eða frekar skýra og í ljósi þeirrar niðurstöðu og fyrirbyggjandi gagna eru tækifæri eru til að gera starfsþróunaráætlunina sýnilegri og skýrari. Á grunnskólasviði er endurmenntun skipulögð einu sinni í mánuði. Svigrúmið er heldur minna á leikskólasviði en þar eru starfsdagar og starfsmannafundir nýttir til endurmenntunar eins og kostur er. Boðið er upp á fyrirlestra og stutt námskeið gjarnan tengt þeim viðfangsefnum sem eru í brennidepli á hverjum tíma. Undanfarin ár hafa námskeið tengst þeim þróunarverkefnum sem skólinn vinnur að og lögð áhersla á nám og leik með spjaldtölvur og umhverfismennt.

Kennurum bar saman um að þeir væru studdir í að sækja sér endurmenntun í viðbót við þá endurmenntun sem skipulögð er af hálfu skólans. Þeir segja auðsótt að komast á námskeið hvort heldur sem er innan eða utan vinnutíma. Annað starfsfólk var ekki eins öruggt hvað þetta varðar og þegar nánar var spurt út í þann þátt kom fram að e.t.v. vantaði frekar frumkvæði hjá því sjálfu og að lítið framboð væri af námskeiðum fyrir það. Í viðhorfskönnun starfsfólks (Valgerður Jóna Oddsdóttir, 2014) sögðu tæplega helmingur svarenda að símenntunaráætlun skólans hentaði starfi og áhugasviði þess mjög eða frekar vel og 77% svarenda sögðust nýta sér möguleika til símenntunar.

Í skólanámskrádrögum hafa verið lagðar línur fyrir samstarf leik- og grunnskólasviðs. Í stundatöflu er gert ráð fyrir leikskólatíma einu sinni í viku undir stjórn listgreina- og íþróttakennara á grunnskólasviði. Elstu leikskólabörnin og fyrstu bekkingar vinna saman í þessum tímum að verkefnum sem tengjast umhverfis- og náttúruvernd. Í gegnum þetta starf kynnast börnin líka húsnæði, umhverfi og starfsháttum grunnskólasviðsins, ásamt því að kynnast starfsfólki og nemendum. Yfir skólaárið fara leikskóla- og grunnskólabörn einnig saman í vettvangsferðir og halda sameiginlega sýningu á fullveldishátíð skólans 1. desember. Nemendur í 1. bekk heimsækja leikskólasviðið einnig nokkrum sinnum á vetri.

Mikil ánægja er með þetta samstarf hjá starfsfólki beggja sviða og foreldrum. Börnin verða mun öruggari með sig og flutningur af leikskólasviði yfir á grunnskólasvið verður stærstum hluta barna leikur einn. Einnig kom fram að eldri börnin hafa gaman af samstarfinu og njóta þess að vera eldri og geta stutt þau yngri.

Grunnskólum er samkvæmt lögum ((nr. 90/2008, nr. 92/2008) skylt að meta starf sitt. Tilgangur þess mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu, búa til umbótaáætlun og fylgja henni. Hér á landi hefur áhersla í innra mati fyrst og fremst verið á faglega þróun (Sigurlína Davíðsdóttir, 2010). Til þess að breytingar á skólastarfi eigi að ná til langs tíma og hafi þýðingu fyrir starfið þarf þrennt að koma til, að skólarnir; beri sjálfir ábyrgð á framkvæmd breytinga, séu undir þrýstingi að gera breytingarnar og fái aðstoð við það eftir þörfum og fái aðstoð eftir þörfum við að þjálfa fólk til að framkvæma breytingarnar Fullan (2001).

Samkvæmt sjálfsmatsskýrslu grunnskólasviðs er innra mat sviðsins í góðum farvegi og áhersla lögð á nýta niðurstöður matsins til faglegra umbóta. Sviðið styðst við margvísleg matstæki og gögn til að varpa ljósi á stöðu skólstarfsins. Gerð er matsáætlun til þriggja ára þar sem horft er til ákveðinna matsþátta úr *Gæðagreinum 2* og niðurstaðna úr *Skólapúlsi*. Auk þess er skólastarfið SVÓT-greint (styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri), gerðar viðhorfakannanir og tekin starfsmannasamtöl. Á grundvelli niðurstaðna er gerð þróunar- og umbótaáætlun sem unnið er eftir. Á leikskólasviðinu er notað matstækið *Barnið í brennidepli* og ákveðnir matsþættir teknir fyrir á hverju skólaári. Mat á deildanámskrám er lýðræðislegt og að því kemur bæði starfsfólk og foreldrar. Auk þess eru á leikskólasviðinu notaðir gátlistar um sjálfsmynd og félagsfærni, matslisti á vinnubrögðum og gerðar foreldra- og starfsmannakannanir. Á leikskólasviðinu þarf að gera áætlun um innra mat og þróunar- og umbótaáætlun sýnilegri þannig að öllum sé ljóst hvaða þættir starfsins eru metnir hverju sinni og hvernig að umbótum skuli staðið. Í heildina er skipulag innra mats á leik- og grunnskólasviði lýðræðislegt og ber umgjörð þess merki um vilja til að gera vel og bæta skólastarfið.

Styrkleikar: Starfsfólk er tilbúið til að leggja mikið á sig og metnaðarfullt. Vel er staðið að starfsþróun starfsfólks. Innra mat í ágætum farvegi, vilji er til að gera vel og bæta skólastarfið.

Tækifæri: Á leikskólasviði er vilji til að fjölga fagfólki/leikskólakennurum. Það þarf að gera áætlun um að bæta húsnæði leikskólasviðs; starfsmannaðstöðu, eldhús og hreyfisal. Mikil tækifæri til að bæta skólastarf felast í að auka samvinnu milli starfsfólks á grunnskólasviði, fækka einyrkjum og auka teymisvinnu. Einnig eru tækifæri til að skerpa á markmiðum útnámsins og skapa formlegri umgjörð um það. Styðja betur við starfsþróun ófaglærðs starfsfólks. Efla enn frekar faglegt samstarf leik- og grunnskólasviðs. Gera skipulag og áætlanir um innra mat og umbætur sýnilegri á leikskólasviðinu.

Samskipti heimila og skóla

Að taka þátt í námi barnsins

Í skólustefnu Hvalfjarðarsveitar er lögð áhersla á virka þátttöku foreldra í námi barna sinna og mikilvægi góðrar samvinnu skóla og foreldra, sem byggir á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við bæði leik- og grunnskólasvið er lögð áhersla á reglulega upplýsingagjöf til foreldra.

Foreldrar leikskólabarna eru mjög ánægðir með upplýsingaflæði frá leikskólasviði. Segjast bæði fá upplýsingarnar á staðnum (s.s. á upplýsingatöflu og í gegnum samskipti við starfsfólk) og í gegnum netmiðla. Mikilvægar upplýsingar eru sendar foreldrum í gegnum tölvupóst og einnig nýtir skólinn facebook til að miðla fréttum af starfinu og eru þá gjarnan settar inn myndir og myndbönd með. Svipaða sögu er að segja um yngri stigin á grunnskólasviði þar lýsa foreldrar ánægju með upplýsingaflæði, en tala þó um að stundum sé ruglingslegt hvar á að leita upplýsinga eða fylgjast með, þar sem skólinn notar nokkra miðla (Mentor, tölvupóst, facebook og moodle) til að koma upplýsingum áfram. Mörgum þætti betra að hafa upplýsingarnar allar á einum stað. Einhverjir sakna þess líka að fá ekki lengur fréttabréf eins og áður var og sumum finnst heimasíðan ekki nógu aðgengileg, segja erfitt að finna hluti þar og það þurfi að fara óþarflega langar leiðir til að nálgast upplýsingar.

Í viðtölum við foreldra grunnskólabarnanna kom fram að það er misjafnt eftir kennurum hve mikið upplýsingastreymið er. Það vill draga úr því þegar ofar dregur og hjá sumum unglingsstigskenndum er það lítið sem ekkert. Foreldrar vilja gjarnan sjá meira samræmi í upplýsingagjöf og fá upplýsingar vikulega. Í viðtali við grunnskólakennara kom fram að ákvörðun hefði verið tekin um það í haust að allir umsjónarkennarar sendu upplýsingapóst til foreldra vikulega. Því hefur hins vegar ekki verið fylgt nægilega vel eftir, þannig að einhverjir kennarar senda litlar sem engar upplýsingar heim.

Foreldrar finna sig velkomna í skólann hvenær sem er og nýta sér það. Á leikskólasviðinu kíkja foreldrar gjarnan inn á deild og taka sér bók í hönd og lesa fyrir börnin eða aðstoða í daglegu starfi. Á grunnskólasviðinu koma foreldrar frekar inn þegar skipulagðir viðburðir eru í skólanum, s.s. sýningar og viðtöl, en segjast finna að þeir séu ávalt velkomnir og sumir nýta sér það.

Styrkleikar: Foreldrar leikskólabarna eru mjög ánægðir með upplýsingaflæði og allt samstarf við skólann. Foreldrar grunnskólabarna eru almennt ánægðir með samskipti heimila og skóla.

Tækifæri: Bæta þarf upplýsingaflæði á unglingsstigi og tryggja að allir fylgi því sem ákveðið hefur verið sameiginlega. Skipuleggja þarf betur hvernig upplýsingum er miðlað svo það verði auðveldara fyrir foreldra að fylgjast með.

Meginniðurstöður

Í þeirri úttekt sem hér liggur fyrir hefur verið leitast við að greina faglega stöðu skólustarfs í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í lok hvers kafla hafa styrkleikar og tækifæri verið dregin fram en hér verður leitast við að draga saman meginniðurstöður úttektarinnar.

Í skólanum fer víðast fram metnaðarfullt starf og leitast starfsfólk almennt við að meta hvernig til hefur tekist, horfa fram á veginn og þróa starfið til betri vegar. Í skólanum er lögð

áhersla á að börn og unglingar starfi án aðgreiningar og að þau fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga, vinni með hæfileika og styrkleika og að ýtt sé undir frumkvæði og sköpunargáfu þeirra. Öll umgjörð skólastarfsins styður við þessar áherslur og tækifæri eru til að efla enn frekar starfshætti í anda þeirrar skólamenningar sem skólasamfélagið vill skapa. Til þess að efla árangursríka starfshætti er mikilvægt að horfa til þeirra þátta sem taldir eru grundvallarþræðir í lifandi og árangursríku lærdómssamfélagi og vinna markvisst að þeim.

Meginniðurstaða úttektarinnar er að veruleg tækifæri eru til að þróa faglegt starf í skólanum, efla samstarf og samfellu í námi og samskiptum á milli mið- og unglingastigs. Samvinna kennara, ígrundun og mat á eigin starfsháttum er grundvallarþáttur í gæða skólastarfi og það eru þættir sem hafa hvað mest áhrif á árangur nemenda. Brýnt er að efla og bæta starfshætti á unglingastigi og skapa umgjörð um nám nemenda sem tekur mið af gildum skólans og einkennist af festu, umhyggju og öryggi. Finna þarf leiðir sem tryggja að sameiginlegum ákvörðunum skólasamfélagsins sé fylgt eftir og gæta þess að á unglingastigi losni ekki um þá umgjörð sem sköpuð hefur verið um nám og samskipti á yngri stigum skólans og einkennist af gildum skólans vellíðan, virðingu, metnaði og samvinnu. Fyrirhugað þróunarstarf um teymiskennslu er vettvangur til að þróa samstarf kennara um nám nemenda. Í samstarfi um teymiskennslu gefast fjölmörg tækifæri fyrir kennara að læra hver af öðrum og eiga opin samskipti um nám nemenda og daglegt skólastarf. Allt starfsfólk skólans þarf að leggja sitt af mörkum til að gildi skólans verði rauður þráður í daglegu starfi allra í skólanum.

Hlutverk stjórnendateymis eru skýr samkvæmt skipuriti og starfslýsingum en það þarf að ígrunda vel og finna leiðir til þess að starf skólastjóra hafi faglegt vægi og sýnileika þá daga sem hann er staðsettur á leikskólasviðinu. Einnig þarf að tryggja að boðleiðir séu skýrar og að starfsfólk leikskólasviðs og grunnskólasviðs geti leitað t.d. til sviðsstjóra þá daga sem skólastjóri sinnir starfi sínu hvort heldur sem er á leikskólasviði eða grunnskólasviði.

Í skólanum er innra mat framkvæmt á markvissan og fjölbreyttan hátt. Mikilvægt er að nýta matstækin og búa til áætlun sem hægt er að vinna markvisst eftir til að meta árangur þeirra þróunarverkefna sem skólinn vinnur að og hvaða áhrif þau hafa á starfshætti og nám.

Eins og áður sagði var markmið úttektarinnar að varpa ljósi á faglega stöðu skólans, greina styrkleika skólastarfsins og tækifæri til að gera betur í því skyni að auka gæði skólastarfsins. Niðurstöðurnar koma að gagni við að endurskoða skólastarfið með það að markmiði að byggja upp námsmenningu sem styður við og eflir nám. Þær eru efniviður inn í komandi skólaþróunarvinnu og nýtast til að efla enn frekar það sem vel er gert og stuðla að umbótum þar sem þeirra er þörf.

Skýrsluhöfundar vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem veittu aðstoð við úttektina og við gerð þessarar skýrslu og óska skólanum, starfsfólki hans og nemendum velfarnaðar í skólastarfinu.

Heimildaskrá

- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstj.), *Fagmennska í skólustarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 35–53). Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir. (2015). *Leadership and teamwork in a new school: Developing a professional learning community*. Reykjavík: Háskólaprent. Sótt 21. apríl af: <http://skemman.is/item/view/1946/20818>
- Björk Ólafsdóttir. (2010). *Leiðbeiningar um mótun skólustefnu í sveitarfélögum*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Börkur Hansen. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstj.), *Fagmennska í skólustarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 77–92). Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Dufour, R., og Fullan, M. (2013). *Cultures built to last: Systemic PLC's at work*. Bloomington: Solution Tree Press.
- Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change*. New York: Teachers College Press
- Fullan, M. (2005). *Professional learning communities Writ large*. Sótt 14. apríl 2015 af www.michaelfullan.ca/Articles_05/UK_Ireland_preread_final.pdf
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.) (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hargreaves, A., og Fullan, M. (2012). *Professional capital: Transforming teaching in every school*. New York: Teacher College Press.
- Hattie, J. (2009). *Visible learning: A synthesis of over 800 meta-analyses relating to achievement*. London: Routledge.
- Huffman, J., og Hipp, K. (2003). *Reculturing schools as professional learning communities*. Lanham, MD: Scarecrow Education.
- Hvalfjarðarsveit. (án árs). Sótt 17. apríl 2015 af <http://www.hvalfjardarsveit.is/efni/sk%C3%B3lar>
- Hvalfjarðarsveit. (2012). *Skólustefna 2012–2015*. Hvalfjarðarveit: Stýrihópur um gerð skólustefnu. Sótt 8. apríl 2015 af <http://www.hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/Reglur/Sk%C3%B3lastefna%202012-2015%20Hvalfjar%C3%B0arsveit.pdf>
- Knight, J. (2011). What good coaches do. *Educational Leadership*, 69(2), 18–22.
- Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla*, nr. 90/2008.
- McLaughlin, M. W., og Talbert, J. E. (2001). *Professional learning communities and the work of high school teaching*. Chicago: The University of Chicago Press.
- McKinsey og Company (2010). *How the world's most improved school systems keep getting better*. [Án útg. st.]: McKinsey og Company.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Robertsson, J. (2008). *Coaching educational leadership: Building leadership capacity through partnership*. London: Sage.

Sjálfsmatsskýrsla Heiðarskóli Hvalfjarðarsveit 2014.

Skólanámskrá leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar; Skýjaborg (2014). Sótt 8. apríl 2015 af <http://skoli.hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/Sk%C3%B3lan%C3%A1mskr%C3%A1%20Sk%C3%BDjaborgar%202014.pdf>

Starfsáætlun Heiðarskóla Hvalfjarðarsveit 2014–2015. (2014). Sótt 1. apríl 2015 af <http://skoli.hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/Starfs%C3%A1%C3%A6tlun%20Hei%C3%B0arsk%C3%B3la%202014-2015%20-%20yfifari%C3%B0.pdf>

Starfsáætlun Skýjaborgar 2014–2015. (2014). Sótt 1. apríl 2015 af <http://skoli.hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/Starfs%C3%A1%C3%A6tlun%202014-2015.docx>

Stoll, L., Bolam, R., McMahon, A., Thomas, S., Wallace, M., Greenwood, A. og Hawkey, K. (2006). *Professional learning communities: Source materials for school leaders and other leaders of professional learning*. London: DfES.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Hólar.

Sigurlína Davíðsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2010). Leiðbeiningar um innra mat skóla: Stuttar leiðbeiningar fyrir matsteymi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 2. apríl 2015 af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/026.pdf>

Skólapúlsinn. (2015).

Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–313). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Valgerður Jóna Oddsdóttir. (2014). *Viðhorfskönnun starfsmanna í Skýjaborg og Heiðarskóla vorið 2014*. Hvalfjarðarsveit: Fræðslu- og skólanefnd Hvalfjarðarsveitar.

Fylgiskjal 1

Hlutverk tengiliðs

Tengiliður er tilnefndur af verkkaupa.

Hlutverk tengiliðs er að:

- Vera í sambandi/samskiptum við úttektaraðila og aðstoða við söfnun gagna sem kallað er eftir varðandi skólahald og koma þeim til úttektaraðila.
- Skipuleggja tímaáætlun vegna skoðunarferða í skóla, viðtals við stjórnendateymi og viðtals við fulltrúa úr sveitarstjórn, í samráði við úttektaraðila og hlutaðeigendur.
- Tímasetja og tryggja aðstöðu fyrir kynningarfund.
- Fá nemendur (um 5–7 manns og miða við að nemendur hafi a.m.k. náð 12 ára aldri), leik- og grunnskólakennara/verkefnisstjóra/skólaráðsfulltrúa (um 5–7 manns), annað starfsfólk (um 5–7 manns) og foreldra (um 5–7 manns) til að taka þátt í rýnihópum. Tengiliður óskar eftir sjálfbodaliðum í rýnihópa og hann fyllir upp í hópa ef fáir gefa sig fram.
- Búa til tímaáætlun fyrir rýnihópaviðtöl og tryggja aðstöðu fyrir þau.
- Tímasetja heimsóknir í kennsluáðstæður.

Úttektaraðilar setja sig í samband við tengilið áður en farið verður í vettvangsheimsóknir og fara yfir dagskrá vettvangsheimsóknar.

Fylgiskjal 2

Viðtalsrammi – heildar

- Skólafestfna
 - Skólinn hefur mótað stefnu sína, hvernig var staðið að mótun hennar? Hvaða aðkomu hafa kennarar, nemendur og foreldrar að stefnumótuninni?
 - Hversu vel mótast skólastarfið af stefnunni? Er stefnan höfð til hliðsjónar við áætlanagerð og framkvæmd starfs í skólanum? Hvernig/dæmi?
 - Hvernig birtast áherslur aðalnámskrár í skólastarfinu? Þar er kveðið á um grunnþætti menntunar, hvernig hefur skólinn unnið að þeim?
- Stjórnun, fagleg forysta, stefnumótun og mannauður
 - Getið þið lýst fyrir okkur í stuttu máli stjórnskipan skólans?
 - Hver er megin verkaskipting stjórnendateymisins og verkefnastjóra?
 - Hvaða stuðning hefur skólinn frá sveitarfélaginu og hvernig ganga þau samskipti?
 - Hvernig er eftirliti og ytra mati sveitarfélagsins háttað?
 -
- Skólabragur, viðhorf og líðan
 - Hvernig mynduð þið lýsa skólabrag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar Heiðarskóla/Skjúborgar?
 - Hvert telur þú vera viðhorf til skóla í samfélaginu og staða hans?
 - Hvernig líður nemendum og starfsfólki í skólanum?
 - Hvernig hefur ykkur fundist takast til við sameiningu leik- og grunnskólans í Hvalfjarðarsveit.
- Námsumhverfi og nærsamfélag
 - Hvað mynduð þið segja að einkenndi námsumhverfið?
 - Hver eru tengsl skólans við nærsamfélagið?
- Nám og kennsla, árangur
 - Hvernig myndir þú lýsa kennsluháttum í skólanum (skipulagi kennslu, samkennslu árganga, stuðningsúrræði o.s.frv.) Hvernig er ólíkum þörfum nemenda mætt (innan bekkjar/utan bekkjar)?
 - Hvernig er staðið að áætlanagerð og er kalla stjórnendur eftir þeim? Eru þær birtar foreldrum?
 - Hvernig er staða nemenda metin? (námsmat)
 - Nær skólinn þeim árangri sem hann stefnir að (í námi, samskiptum og líðan)? Á hvaða sviði er hann bestur og hvar lakastur?
 - Hvernig er unnið með upplýsingar um árangur í starfi skólans? Eru niðurstöður teknar fyrir og ræddar innan skólans?
 -
- Fagmennska og samstarf
 - Hvernig er faglegu samstarfi kennara háttað innan skóla?

- Er starfsfólk hvatt til að auka sífellt gæði náms og kennslu? Og hvernig? (starfsþróun/símenntun/endurgjöf)?
- Hvernig er samstarfi leik- og grunnskólans háttað? Er faglegur ávinningur af samstarfinu?
- Samskipti heimila og skóla, þátttaka nemenda og foreldra
 - Hvernig er samskiptum heimilis og skóla háttað?
 - Er unnið skipulega að eflingu samstarfs heimilis og skóla? Hvert er frumkvæði skólans í þeim efnum?
 - Er fundað reglulega með foreldrafélagi og nemendaráði?
 - Þátttaka foreldra og nemenda, virkni þeirra, framlag og frumkvæði
 - Hvernig er kallað eftir röddum/sjónarmiðum foreldra og nemenda?
 - Hvernig er þeim fylgt eftir?

Fylgiskjal 3

Dagskrá

Skólastarf í Hvalfjarðarsveit
Fagleg úttekt
Miðvikudagur 18. mars 2015

kl. 08.00 Koma í Heiðarskóla, Hvalfjarðarsveit
kl. 08.20–09.00 skólastjóri
 grunnskólasviðsstjóri
 leikskólasviðsstjóri
kl. 09.00–09.30 7.-10. bekkur (tveir nemendur úr hverjum árgangi)
kl. 09.40–10.00 Almennir starfsmenn
kl. 10.00–12.00 Skoðunarferð um Heiðarskóla
kl. 12.00–13.00 Hádegismatur

kl. 10.00–12.00 Heimsókn í leikskólann, Skýjaborg, Innrimel 1
kl. 12.00–13.00 Hádegismatur

kl. 13.00–13.30 Fulltrúar foreldra nemenda í leik- og grunnskólanum

kl. 14.35–15.20 Starfsmannafundur í Heiðarskóla ásamt sveitarstjóra
kl. 15.20–16.00 Grunnskólakennarar

Fylgiskjal 4

Matstæki fyrir námssamfélag

Staðhæfing		Kvarði			
Sameiginleg og styðjandi forysta		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
1.	Starfsfólk tekur virkan þátt í umræðum og tekur ákvarðanir um flest mál er varða skólann				
2.	Skólastjórar nýta ráðleggingar annarra við ákvarðanatöku				
3.	Starfsfólk hefur aðgang að lykilupplýsingum (hverjar eru þær?)				
4.	Skólastjórar beita fyrirbyggjandi aðgerðum og vekja athygli á þáttum í skólustarfi sem þarf að styðja				
5.	Starfsfólk fær tækifæri til að koma á breytingum				
6.	Skólastjórar deila ábyrgð og vekja athygli á nýbreytni				
7.	Skólastjórar dreifa valdi og stjórn með starfsfólki á lýðræðislegan hátt				
8.	Lögð er áhersla á að styðja og næra forystu meðal starfsfólks (umræður um forystu)				
9.	Ákvarðanatöku á sér stað í gegnum nefndir og með þverfaglegum samræðum milli stiga				
10.	Starfsfólk, foreldrar og nemendur ábyrgjast í sameiningu nám nemenda				

Staðhæfing		Kvarði			
Sameiginleg gildi og sýn		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
11.	Til staðar er fyrirkomulag vinnu sem stuðlar að ígrundun, samræðu og samvinnu til að móta sameiginlegan skilning á gildum meðal starfsfólks				
12.	Sameiginleg gildi styðja viðmið um hegðun til að leiðbeina um kennslu og nám				
13.	Starfsfólk hefur þá sýn að nám nemenda sé grundvöllur skólaþróunar				
14.	Ákvarðanir eru teknar í samræmi við gildi og sýn skólans				
15.	Til staðar er sameiginlegt ferli til að þróa sameiginlega sýn meðal starfsfólks				
16.	Markmið skólans snúa að námi nemenda fram yfir árangur á prófum og einkunnir				
17.	Stefna og áætlun er í samræmi við sýn skóla				
18.	Starfsfólk, foreldrar og nemendur láta markvisst í ljós miklar væntingar til að auka námsárangur nemenda				

Staðhæfing		Kvarði			
Sameiginlegt nám og beiting		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála

19.	Starfsfólk vinnur saman að því að auka þekkingu, færni og úrræði og bæta nýrri þekkingu við starf sitt				
20.	Allir starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi skólaþróunar og leggja sitt að mörkum til hennar (s.s. eru virkir í samstarfi, sýna frumkvæði til endurmenntunar og sýna forystu)				
21.	Allir starfsmenna skipuleggja og vinna saman að því að leita lausna í því að mæta mismunandi þörfum nemenda				
22.	Í skólanum er hvatt til samvinnu og opinna samræðna á skipulagðan hátt				
23.	Allir starfsmenn eru virkir í samræðum sem endurspeglar virðingu fyrir mismunandi hugmyndum sem leiða til áframhaldandi rannsókna				
24.	Fagleg starfsþróun beinist að námi og kennslu				
25.	Starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur læra saman og bæta við nýrri þekkingu til að leysa vanda				
26.	Starfsfólk skóla finnur til ábyrgðar/skuldbindingar til að starfa á þann hátt sem eflir nám nemenda				

Staðhæfing		Kvarði			
Samvinna við faglegt starf á vettvangi		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
27.	Stuðlað er að jafningjafræðslu og hvatningu meðal starfsfólks				
28.	Starfsfólk veitir jafningjum endurgjöf sem tengist kennslu				
29.	Starfsfólk deilir óformlega með sér hugmyndum og tillögum til að bæta nám nemenda				
30.	Starfsfólk endurskoðar verkefni nemenda til að miðla og bæta kennslu				
31.	Tækifæri eru til staðar til að styðja og leiðbeina				
32.	Einstaklingar og teymi fá tækifæri til að beita þekkingu og deila með sér niðurstöðum vinnu sinnar				

Staðhæfing		Kvarði			
Styðjandi aðstæður – samskipti/samband		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
33.	Samskipti meðal starfsfólks og nemenda einkennast af umhyggju sem byggist á trausti og virðingu				
34.	Til staðar er traust og virðing sem hvetur til þess að þora að taka áhættu				
35.	Vakin er athygli á góðum árangri í skólanum				
36.	Allir í skólanum eru einhuga um að skapa/innleiða menningu sem einkennist af sjálfbærni og þróun				

Staðhæfing		Kvarði			
Styðjandi aðstaður - uppbygging		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
37	Tekinn er frá tími til að auðvelda samvinnu				
38.	Gert er ráð fyrir samvinnunámi og samvinnu á vettvangi hjá öllum í skólanum, starfsfólki og nemendum				
39.	Til staðar er fjármagn til starfspróunar				
40.	Viðeigandi tækniþúnaður og kennslufni er aðgengilegt fyrir starfsfólk				
41.	Veittur er stuðningur til sérfræðipækkingar og til áframhaldandi náms				
42.	Aðstaðan í skólanum er hrein og aðlaðandi				
43.	Vinnuaðstaðan í skólanum skapar nálægð sem auðveldar starfsfólki samvinnu				
44.	Innan skólans er virkt upplýsingaflæði sem heldur öllum upplýstum				
45	Í skólasamfélaginu er virkt upplýsingaflæði sem tryggir að allir fái nauðsynlegar upplýsingar				

Fylgiskjal 5



Gátlisti við skólanámskrágerð

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Viðmið Er gerð grein fyrir...	já	nei	Athugasemdir
Sýn og stefna - skólabragur			
gildum sem starf skólans byggir á og stuðlar að góðum skólabrag – AG 66, 69, LG 29	X		
stefnu og markmiðum skólans – AG 66, LG 29, 52	X		Stefna skólans er samin af starfsfólki hans og samþykkt af fræðslu- og skólanefnd.
Skóli án aðgreiningar	X		
Námssamfélag (lærdómssamfélag)	X		
Teymisvinna			Næsta skólaár verður lögð áhersla á teymisvinnu/kennslu/nám
Uppeldisstefna	X		Uppeldi til ábyrgðar á grunnskólasviði
útfærslu skólans á grunnþáttum menntunar - AG 36, 66, LG 14, 15	X		
Læsi	X		
Sjálfbærni	X		
Heilbrigði og velferð	X		
Lýðræði og mannréttindi	X		
Jafnrétti	X		
Sköpun	X		
sérstöðu skólans – AG 12, 50, LG 54	X		Útinám, umhverfi, UT og á næstunni heilsueflandi skóli
Náms- og kennsluhættir			
stefnu í náms- og kennsluháttum, leiðarljós – AG 66, LG 32, 41	X		Eldri og yngri deild á leikskólasviði, Samkennsla 3. og 4., 5. og 6., 7. og 8. 1. b. og 10. b. sér á grunnskólasviði
námsmatsstefnu skólans og upplýsingar um aðferðir við mat/umsagnir - AG 54, LG 47	X		
viðmiðum námsmats og matskvarða – AG 28, 29, 54, LG 26	X		
vitnisburðarkerfi skólans – AG 66 LG 26	X		
leiðum til að veita aukinn stuðning við einstaka nemendur í námi sínu – AG 42, 43, 46	X		

náms- og starfsráðgjöf – AG 47	X		
Samstarf skóla og skólastiga			
markmiðum og fyrirkomulagi samstarfs og tengsla við framhaldsskóla – AG 66, 74, LG 51			samstarf við Fjölbrautaskólann á Akranesi og Menntaskólann í Borgarnesi kynningar á námi og heimsóknir í skólana
fyrirkomulagi fjar- og dreifnáms – AG 79			Á ekki við
móttöku og tilfærslu nemenda milli skóla/skólastiga AG – 66, 74-75, LG 51	X		
Samstarf heimilis og skóla			
þátttöku foreldra og nemenda í mótun skólanámskrár – AG 72, LG 52	X		Foreldrakönnun og samtöl o.fl. en ekki beint greint frá aðkomu foreldra varðandi mótun skólanámskrár
stefnu og samstarfi heimila og skóla – AG 66, 71 SA 16, LG 33, 52	X		
samstarfi heimilis og skóla um heimanám – AG 72	X		Það kemur fram að samráð sé haft um heimanám en það má spyrja hversu raunverulegt samstarf heimilis og skóla er um heimnám. Greint frá leiðum til að upplýsa um for. um heimanám. Kennarar skipuleggja heimanám unglinga. Það sem ekki er gert í skólanum verður heimanám.
leiðum sem stuðla að aukinni þátttöku foreldra í skólustarfi – AG 71 SA 16, LG 52	X		
hvernig upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla er háttað – AG 66, LG 49	X		
Tengsl við nærsamfélagið			
hvernig tengslum skólans við nærsamfélagið er háttað – AG 46, LG 52	X		
Verkferlar og áætlanir			
áfengis- og fíknivörnum - AG 66			
aðgerðum gegn einelti og öðru ofbeldi - AG 66	X		
öryggis og slysavörnum - AG 66	X		
jafnrétti og mannréttindum - AG 66	X		
viðbrögðum við áföllum - AG 66	X		
agamálum - AG 66	X		
Innra mat			
aðferðum við innra mat - AG 29, LG 27	X		

viðmiðum um gæði í hverjum efnisþætti skólanámskrár – AG 29		X	
áætlun um innra mat (hvað á að meta hverju sinni) – AG 61, LG 54	X		
hvernig staðið er að þróunar- og umbótastarfi innan skólans – AG 64, LG 54	X		
með hvaða hætti aðilar skólasamfélagsins taka þátt í innra mati - AG 29, LG 55	X		
Almennt			
hvenær skólanámskrá var síðast endurskoðuð – LuG gr. 29, LG 52	X		
birtist skólanámskráin opinberlega (á vefsíðu skólans) – AG 72, 76		X	Skólanámskrá er í vinnslu á lokastigi og hefur ekki verið samþykkt af fræðslunefnd.
að skólanámskráin sé útfærsla skólans á aðalnámskrá – AG 12, LG 10, 27	X		
að skólanámskráin hafi verið rædd í skólaráði/foreldraráði – AG 65, LG 52	X		
samstarf/samráð kennara skólans og annars starfsfólks við gerð skólanámskrár – AG 14, 65, LG 12 52	X		
að skólanefnd hafi staðfest gildistöku skólanámskrárinnar – AG 65		X	Skólanámskrá er í vinnslu á lokastigi og hefur ekki verið samþykkt af fræðslunefnd.
starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriðum í þróun hans – AG 66	X		

Starfsáætlun

Viðmið Er gerð grein fyrir.....	já	nei	Athugasemdir
Stjórnun			
Stjórnskipulag skólans	X		
Skólaráð	X		
Nemendaverndarráð	X		
Foreldrafélag	X		
Nemendafélag	X		Fjallað um nemendaráð
Skólareglur	X		
Starfsfólk	X		

Tilhögun náms- og kennslu			
Náms og kennsluáætlanir	x		Vísað í Mentor
Val nemenda í 8. – 10. bekk	X		
Skóladagatal	X		
Starfsáætlun nemenda	X		
Stundaskrá	X		
Nemenda – og foreldraviðtöl	X		
Helstu viðburðir skólaársins	X		
Vettvangsferðir	X		
Upplýsingar um stoðþjónustu			
Skólaheilsugæsla	X		
Stoðþjónusta	X		
Innra mat og þróunarstarf			
Símenntunaráætlun			Ekki áætlun en stefnt að ...
Viðfangsefni innra mats	X		
Viðbrögð við vá			
Rýmingaráætlun	X		Viðauka
Veikindafaraldur			
Óveður	x		
Eldgos			
Jarðskjálfti			
Önnur starfsemi			
Opnunartími			
Mötuneyti	X		
Skólaakstur	X		
Forföll og leyfi	X		
Skóladagvist			
Upplýsingar um tómstunda- og félagsstarf	X		

Ath.

Viðmið byggð á aðalnámskrám leik- og grunnskóla 2011 og reglugerðum um grunnskóla
Aðalnámskrá grunnskóla (AG) <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Lög um grunnskóla (LuG) <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Höfundar gátlista: Helga Rún Traustadóttir (helgarun@unak.is) og Sólveig Zophoníasdóttir (sz@unak.is)